

1 Inngangur

Grandaskóli við Keilugranda hóf starfsemi sína haustið 1986. Skólinn stendur við sjávarsíðuna í vesturbæ Reykjavíkur. Í upphafi var gert ráð fyrir að skólinn yrði einungis yngri barna skóli fyrir nemendur í 1. – 4. bekk. Fyrsta skólaárið voru nemendur 180 í 1. – 3. bekk. Fljótlega hóf foreldrafélag skólans í samráði við stjórnendur að þrýsta á um að nemendur gætu verið fyrstu 7 árin í Grandaskóla og farið þá beint í unglingaskóla hverfisins Hagaskóla. Þar sem íbúafjöldi í hverfinu fór ört vaxandi tóku borgaryfirvöld þá stefnu. Hófst þá í kjölfarið samfelld byggingarsaga sem stóð allt til haustsins 1997 þegar húsnæði skólans var komið í núverandi mynd. 5 samtengdar álmur með 15 almennum kennslustofum, 6 sérgreinastofum, námsveri, sérkennsluáðstöðu, tveim tölvuverum, skólasafni og fjölnota sal. Hluti íþróttakennslu nemenda fer fram í Íþróttahúsi KR sem er í nágrenninu. Í skólanum eru nú 7 hópar með 6-12 ára nemendum. Nemendur skólaárið 2012 – 2013 voru 270 en flestir voru nemendur skólans 496 veturinn 1996 – 1997 en þá var skólinn tvísetinn. Við skólann störfuðu 27 kennarar og 13 aðrir starfsmenn.

Frístundaheimilið Undraland sem Skóla og frístundasvið starfrækir að loknum skóladegi nemenda hefur aðstöðu í hluta skólahúsnæðisins.

Í gegnum tíðina hefur verið lögð áhersla á tölvur og upplýsingatækni í skólastarfi Grandaskóla og var skólinn vel búinn á því sviði en nú er orðin þörf á talsverðri endurnýjun á tækjabúnaði. Mikil hefð er fyrir öflugri list- og verkgreinakennslu í skólanum og er aðstaða fyrir þær greinar með ágætum. Tónlistaruppeldi skipar ríkan sess í skólastarfinu.

Í Grandaskóla er unnið að þróun starfshátta með það að leiðarljósi að koma betur til móts við mismunandi þarfir nemenda.

<http://www.grandaskoli.is/images/stories/starf2012.pdf>

http://www.grandaskoli.is/index.php?option=com_content&view=article&id=514&Itemid=

1.1 Stefna og sérstaða skólans

Sjá stefnukort á heimasíðu <http://grandaskoli.is/stefna/>

Með faglegum vinnubrögðum og vel menntuðu starfsfólki stefnum við að, að búa nemendum öruggt og hvetjandi námsumhverfi sem dregur fram það besta í hverjum og einum og stuðlar að jákvæðri sjálfsmynd einstaklinga.

Við leggjum áherslu á að nemendum okkar líði vel og nýtum fjölbreytni í kennsluháttum til að koma til móts við þarfir hvers og eins. Samvinna skipar stóran sess.

Í skólanum er unnið eftir Olweusaráætluninni gegn einelti og setur það starf mark á samskipti, hegðun og agamál í skólanum. Ágætur árangur hefur verið af Olweusarvinnunni og sýna reglubundnar kannanir þar að margt hefur áunnist. Skólaárið 2007 - 2008 skaraði skólinn fram úr öðrum þátttakendum í verkefninu í baráttunni gegn einelti. Skólaárið 2008 - 2009 dró nokkuð úr þessum árangri og þurfti því að skerpa á þeirri vinnu og endurskoða framkvæmd hennar. Skólaárið 2009 - 2010 sást mikil framför og dregið úr einelti bæði hjá strákum og stelpum og þá sérstaklega stelpum. Á næsta skólaári dalaði árangur aðeins en í ár er árangur mjög góður. Aukið eftirlit með skólalóð, samábyrgð allra starfsmanna, reglulegir bekkjarfundir ásamt samvinnu og upplýsingagjöf til foreldra eru mikilvægir þættir í framkvæmd Olweusaráætlunar skólans.

Í skólastefnu Grandaskóla er lögð áhersla á fjölbreytta og skapandi starfshætti og birtist það með ýmsu móti í skólastarfinu. Áhersla skólans á list- og verkgreinar hefur það að markmiði að auka fjölbreytni í námi og veita nemendum tækifæri til að kynnst leiðum til skapandi starfs og þroska með sér færni á þeim sviðum. Í því skyni hefur verið leitast við að samþætta þessar greinar öðru námi í skólanum. Það sama á við um upplýsinga og tæknimennt. Grandaskóli hefur frá upphafi gert sér grein fyrir mikilvægi tölvulæsis í samfélaginu og lagt mikla áherslu á að nemendur hljóti sem besta tölvukennslu. Tónmenntakennsla hefur verið mjög öflug í skólanum allt frá upphafi og mikil áhersla lögð á að nemendur fái fjölbreytilega tónmenntakennslu sem einnig hefur verið samþætt með UT-kennslu. Mikil áhersla hefur verið á að þessar greinar séu

Í þróun og skólinn hefur tileinkað sér nýjungar jafnóðum. Skólinn hefur einnig leitast við að nýta umhverfið sem er í kringum skólann sem er fjaran og hafið. Stöðugt er reynt að finna upp verkefni sem hægt er að nota í tengslum við námið.

Grandaskóli leggur áherslu á vellíðan og jákvætt viðhorf nemenda til sín og annarra. Olweusarverkefnið er mikilvægur þáttur í því. Áhersla á list- og verkgreinar birtist einkum í auknu tímamagni til náms og kennslu í þessum greinum. Þá hefur skólinn á að skipa vel menntuðum kennurum sem sérhæft hafa sig til kennslu greinanna. Þá er aðstaða til kennslu list- og verkgreina mjög góð í skólanum. Velbúnar, sérhæfðar kennslustofur eru fyrir allar list- og verkgreinar. Í flestum árgöngum fer kennsla í þessum greinum fram í lotum, þar sem nemendahópar eru minni en venjulegir bekkir og sækja nemendur fjóra tíma í grein í viku hverri. Mynd- og handverk nemenda eru mjög sýnileg í skólahúsnæðinu og bera metnaði á þessum sviðum gott vitni.

Frá stofnun Grandaskóla hefur rík áhersla verið lögð á tónmenntakennslu. Hún hefur verið margvísleg og fjölbreytt. Ákveðnir þættir hafa verið ríkjandi s.s. sköpun, hreyfing, söngur, hljóðfæravinna, tónsmíði og hrynjálfun þar sem rökrétt hugsun, ögun og skipulögð vinnubrögð eru ríkjandi. Þessi þjálfun hefur yfirfærslugildi á aðra hæfni og þekkingu og nýtist í öllu námi. Allir nemendur skólans eiga kost á tónmenntakennslu tvisvar til þrisvar í viku alla sína skólagöngu auk samsöngs sem fer fram á sal tvisvar í viku. Árið 2007 var tekið í notkun hljómsveitarherbergi. Það er vel búið hljóðfærum og ætlað nemendum sem vilja sinna hljómsveitaræfingum utan skólatíma. Með auknum hljóðfærakosti hefur tónmenntakennslan þróast og færni nemenda og kennara aukist til muna. Námsfni hefur orðið til í þessari miklu grósku og vegna þrautseigju kennara og vilja, hefur hefð fyrir faginu, jákvætt andrúmsloft og viðhorf orðið til í skólanum. Grandaskóli hlaut hvatningarverðlaun Menntaráðs skólaárið 2006 -2007 fyrir tónlistaruppeldi.

UT kennsla er samkvæmt stöðlum Evrópusambandsins. UT kennsla er einn af mikilvægustu þáttum skólastarfs. Grandaskóli hefur lagt gífurlega áheyrslu á tölvulæsi nemenda enda áður móðurskóli í tölvum. Grandaskóli er sérstaklega vel búin tækjum og forritum sem notuð eru í öflugum starfi innan skólans. Allir nemendur frá 6 ára aldri fara í UT kennslu. Í 6. og 7. bekk eru nemendur í 3 kennslustundir í viku í UT. Hafin var marviss kennsla í hreyfimyndagerð í 6. bekk haustið 2008 og stuttmyndagerð fyrir 7. bekk sama ár. Þessi nýjung hefur gefist mjög vel og hafa nemendur unnið mörg verðlaun í báðum flokkum.

Grandaskóli hefur nýtt sér staðsetningu sína og unnið ýmis verkefni í tengslum við hafið. Á ári hverju er unnið þema út frá sjónum og sjóbúr sett upp í skólanum sem nemendur nýta við vinnu ýmissa verkefni. Þemaverkefni að vori "Margt býr í fjörunni" hefur verið fastur liður síðustu ár og verið í stöðugri þróun. Óhætt að segja að þetta verkefni sé hápunktur lokadaganna í skólanum og jafn vinsælt af nemendum sem kennurum.

Grandaskóli leggur mikla áherslu á að þessarar sérstöðu skólans sé vel gætt. Það hefst þó fyrst og fremst með mannauðnum. Kennarar skólans hafa fylgst vel með allri þróun og nýjungum sem varða kennsluhætti þessara greina og skólinn verið virkur í að hvetja þá áfram við að þróa nýjar kennsluáðferðir. Ekki hefur með skipulögðum hætti verið lagt mat á alla þá þætti sem marka skólanum sérstöðu. Þó eru sterkar vísbendingar um að þar standi skólinn og nemendur hans styrkum fótum.

1.2 Skólaþróun og sjálfsmatsaðferðir

Markmið Grandaskóla um skólaþróun miða að því að bæta skólastarfið skv. stefnukorti skólans sem grundvallast á eftirfarandi gildum:

- **Jákvæðni:** Nemendur og starfsfólk temja sér jákvæð viðhorf til sín, annarra og skólastarfsins.
- **Ábyrgð:** Nemendur og starfsfólk sýna ábyrgð og virðingu í vinnubrögðum, framkomu og umgengni.
- **Vellíðan:** Starfsfólk, foreldrar og nemendur eru samstiga um að skapa vellíðan og góðan starfsanda.
- **Árangur:** Nemendur kappkosta að ná sem bestum árangri á sem flestum sviðum.

Sjálfsmat verði fastur þáttur í skólastarfinu á ári hverju þannig að áætlanir um umbætur og þróunarstarf grundvallist á traustum gögnum og markvissu mati á sterkum og veikum þáttum skólans.

Umbótaáætlanir skólans hafa undanfarin ár tekið mið af meginmarkmiðum skólans. Til nánari afmörkunar hefur sjónum einkum verið beint að tveimur þáttum, samskipti og líðan annars vegar og hinsvegar námi og kennslu.

Grandaskóli er Olweusarskóli og hefur nálgast samskipti og líðan gegnum það verkefni. Innleiðingarferli verkefnisins hófst 2004 og hefur eineltisáætlun skólans verið í stöðugri endurskoðun síðan í ljósi kannana sem gerðar eru með reglubundnum hætti.

Hvað varðar nám og kennslu hefur megin áherslan undanfarin ár verið á teymiskennslu árganga á yngra stigi. Mat á því verkefni og þróun þess hefur byggst á samræðu og greiningu þeirra kennara sem í kerfinu hafa starfað. Ýmis próf og kannanir eru gerð bæði innan skólans og af utanaðkomandi aðilum til að meta námsstöðu nemenda s.s. samræmd póf, og skimunarpróf af ýmsum toga, einkum í stærðfræði og íslensku. Farið er yfir niðurstöður og leitast við að bregðast við eftir því sem tilefni eru til, bæði hvað varðar hópa og einstaklinga.

Á undanförunum árum hefur einkum verið notast við niðurstöður úr vinnustaðagreiningum og könnunum á viðhorfum foreldra og nemenda sem unnar hafa verið á vegum Skóla- og frístundasviðs. Þær upplýsingar sem þar koma fram ættu að gefa góða mynd af viðhorfum aðila skólasamfélagsins til ýmissa þátta skólastarfsins.

Frá skólaárinu 2009-2010 hefur sjálfsmat skólans verið unnið skv. matskerfinu Skoldialogen. Umbótaáætlanir skólans taka mið af þeim niðurstöðum sem þar koma fram.

Skólinn hefur sett stefnu sína fram samkvæmt Stefnumiðuðu árangursmati (e. Balanced scorecard) en það er jafnframt umbótamiðið matstæki. Inn í það eru byggðir mælikvarðar sem með reglubundnum hætti gefa vísbendingar um það hvernig gengur að ná settum markmiðum (sjá fylgiskjal). Niðurstöður þeirra mælinga eru jafnharðan teknar fyrir í starfsmannahópnum og hluti þeirra birtur á heimasíðu skólans.

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla skal innra mat vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Notast skal við lýðræðisleg vinnubrögð þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Niðurstöður innra mats skal nýta til umbóta í skólastarfi að höfðu samráði við skólaráð. Niðurstöður samræmdra prófa, skimunarprófa í lestri, stafsetningu og stærðfræði og framfaraskýrsla eru nýttar, auk árlegra Olweuskannana meðal nemenda og þátttöku þeirra í Skólapúlssi. Stuðst er við mikið af gögnum sem þegar eru til í skólanum s.s. skólanámskrá og ýmsar áætlanir.

Viðhorfakönnun starfsfólks, svonefnd Vinnustaðagreining, hefur verið lögð fyrir starfsfólk Grandaskóla á hverrri vorönn til þess að kanna viðhorf þeirra til ýmissa þátta er varða starsemína, aðbúnað og starfsanda svo eitthvað sé nefnt.

Starfsfólki er einnig öllu boðið til samtals við skólastjórnendur þar sem til umræðu er ýmislegt er varðar, frammistöðu, líðan, viðhorf til starfseminnar o.fl.

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er kveðið á um að árangur og gæði skólastarfs skuli metið með kerfisbundnum hætti bæði með innra mati hvers grunnskóla sem og ytra mati þess sveitarfélags sem grunnskóli starfar í. Markmið matsins er að veita upplýsingar um skólastarfið, að tryggja að starfsemin sé í samræmi við lög reglugerðir og Aðalnámskrá, auka gæði skólastarfs og stuðla að umbótum og sjá til þess að réttindi nemenda skv. lögum séu virt.

Í hverjum skóla ber að meta árangur og gæði skólastarfsins með kerfisbundnum hætti. Ýmsar leiðir eru færar við mat skóla á eigin starfi en mikilvægt er að það kerfi, sem unnið er eftir, henti skólastarfi viðkomandi skóla. Í vinnu við innra mat skal gerð grein fyrir tengslum við þau markmið sem sett eru fram í skólanámskrá. Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hefur verið náð. Aðferðir við innra mat taka mið af þeim viðfangsefnum sem unnið er að hverju sinni.

1.3 Matsspurningar

Í stefnu Reykjavíkurborgar í menntamálum er lögð áhersla á , nám við hæfi, jöfn tækifæri til náms, jákvæða sjálfsmýnd, gæði og fagmennsku í skólastarfi og nán tengsl skóla, foreldra og samfélags. Í stefnu Grandaskóla kemur fram, að við viljum að nemendur okkar nái sem bestum árangri á sem flestum sviðum. Einnig að starfsfólk, foreldrar og nemendur séu samstiga um að stuðla að vellíðan og skapa góðan starfsanda. Í skilgreindum viðmiðum um góðan skóla er m.a. talað um uppbyggjandi og metnaðarfullt andrúmsloft, hlýhug og umhyggju og mismunandi kennsluáðferðir eftir stöðu nemenda, aðstæðum og námsefni á hverjum tíma.

Byggt á þessum staðreyndum leggjum við eftirfarandi matsspurningar til grundvallar í matinu.

- Líður nemendum Grandaskóla vel í skólanum ?
- Eru vinnubrögð fjölbreytt og skapandi ?
- Hvernig er árangur nemenda Grandaskóla í samræmdum prófum og skimunum miðað við aðra nemendur í Reykjavík?
- Er skólanum vel stjórnað að mati starfsmanna og foreldra?
- Líður starfsfólki vel í Grandaskóla og er það ánægt með stefnu skólans?

2 Skólasamfélag

Í þessum kafla er fjallað um stjórnun, skipulag skólastarfsins (ytri ramma) og samstarf skóla og heimilis. Einnig áherslur skólans og árangur náms eins og hann kemur fram í skimunum og samræmdum könnunarprófum.

2.1 Stjórnun

Hér er fjallað um stjórnun skólans eins og hún birtist í skipuriti sjá starfsáætlun á heimasíðu <http://www.grandaskoli.is/images/stories/starfzz.pdf>, fundi og faglega stjórnun, s.s. fagstjórn, stigstjórn, skólaráð og fleira. Sjá lög um grunnskóla nr.91/2008 1. og 2. kafla.

2.1.1 Markmið

Meginmarkmið með stjórnun skólans eru í samræmi við viðmið Reykjavíkurborgar um góðan skóla. Stjórnendur hafi skýra sýn á hvað er mikilvægt og starfi eftir ígrundaðri skólastefnu sem birtist í skólanámskrá. Markmiðin sem sett eru fram í skólanámskrá hafi áhrif á vinnubrögð og atferli allra, með það að leiðarljósi að vera nemendum til hagsbóta. Sjá skólanámskrá og starfsáætlun á heimasíðu skólans <http://www.grandaskoli.is>

Mikilvægt er að allir aðilar skólasamfélagsins þekki markmið skólastarfsins og til hvers er ætlast af þeim. Því er það mikilvægur hluti af starfi stjórnenda að tryggja gott upplýsingaflæði.

2.1.2 Framkvæmd

Skólastjóri er forstöðumaður skólans og veitir honum faglega og rekstrarlega forystu. Hann ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Næsti yfirmaður skólastjóra er skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu á Skóla- og frístundasviði.

Í stjórnendateymi Grandaskóla voru í vetur auk skólastjóra, aðstoðarskólastjóri og fjórir verkefnastjórar. Aðstoðarskólastjóri er staðgengill skólastjóra i forföllum hans og skipta þeir með sér verkefnum eftir því sem tilefni gefast. Aðstoðarskólastjóri heldur utan um forföll starfsmanna og nemendaskráningu gegnum Mentor. Verkefnisstjóri bekkjarstarfs er ráðgefandi til kennara um bekkjarstarf, bekkjarstjórnun og samskipti nemenda. Heldur utan um Olweusaráætlun gegn einelti. Hefur umsjón með starfi nemendaráðs.

Verkefnastjóri teymiskennslu. Heldur utan um þróunarstarf í teymiskennslu. Heldur fundi um samvinnu og teymiskennslu og veitir kennurum stuðning og ráðgjöf varðandi vinnubrögð. Sinnir öðrum stjórnunarverkefnum í samvinnu við skólastjórnendur.

Verkefnastjóri sérkennslu. Skipuleggur og heldur utan um sérkennslu og nýbúakennslu í samráði við stjórnendur. Sinnir greiningum og sér um fyrirlögn ýmissa greiningarprófa. Veitir kennurum og stuðnings-fulltrúum ráðgjöf er lýtur að sértækri vinnu með nemendur og aðstoðar við gerð einstaklingsnámskráa. Verkefnastjóri sérkennslu situr nemendaverndarráðsfundi.

Verkefnastjóri UT. Sér um eftirlit, uppsetningu og bilanagreiningu á tölvum og jaðartækjum, hugbúnaði, dreifikerfi, samskiptabeidnum og miðlun á þekkingu til starfsmanna skólans. Sér um prófun og val á nýjum tækjabúnaði í samráði við yfirmann. Heldur utan um og sér um skráningu á ýmsum öðrum tækjabúnaði í eigu skólans. Heldur utan um póstkjerfi og vefþjónustu skólans. Er umsjónarmaður heimasíðu skólans. Sinnir öðrum störfum og verkefnum sem honum eru falin af yfirmanni og falla undir verksvið hans. Hefur umsjón með skólasafni.

Að öðru leyti er verkefnaskipting stjórnenda sveigjanleg og markast að hluta til af

þekkingu, hæfni, reynslu og áhugasviði þeirra sem og þeim verkefnum sem fyrir liggja hverju sinni.

Við skólann er starfandi kennararáð, Kennararáð er samráðsvettvangur stjórnenda og kennara og er ráðgefandi fyrir stjórnendur um ákvarðanatöku. Kennararáð fundar einu sinni í mánuði.

Skólaárið 2012-2013 var meginskipulag funda í hverjum mánuði sem hér segir: Einn almennur kennarafundur og einn starfsmannafundur í mánuði. Auk þess voru boðaðir fundir um sérstök málefni.

Starfsmenn fá að hausti starfsmannahandbók með skóladagatali og nánara yfirliti yfir skólaárið, starfshætti og venjur í skólastarfinu.

Skólaráð Grandaskóla er skipað í samræmi við grsk.lög nr. 91/2008 8.gr. og reglugerð nr.1157/2008 um skólaráð við grunnskóla. Ráðið fundaði mánaðarlega á skólaárinu.

Skorkort skólans er birt á heimasíðu hans. <http://www.grandaskoli.is/Stefnumotun/>

2.1.3 Mat

Í foreldrakönnun sem gerð var á vegum Skóla og frístundasviðs vorið 2013 eru foreldrar spurðir hvort þeir telji skólanum vel stjórnað. 96% svarenda telja honum mjög eða frekar vel stjórnað en 4% frekar illa. Í síðustu könnun 2012 töldu 83% að skólanum væri vel stjórnað en 5% voru óánægðir. Í ár var ekki gefinn kostur á svarmöguleikanum hvorki/né eins og í fyrra. Í vinnustaðagreiningu sem gerð var vorið 2012 meðal starfsmanna skólans eru 83% svarenda sammála fullyrðingu um að skólanum sé vel stjórnað og 8% ósammála fullyrðingunni. Ekki hafa borist niðurstöður úr viðhorfskönnun sem gerð var meðal starfsmanna nú í vor.

Ef rýnt er nánar í þær spurningar vinnustaðagreiningar sem snerta stjórnun skólans, má sjá að í þeim öllum er jákvæðara viðhorf vorið 2011 en var 2010. Þá var að beiðni stjórnenda lögð fyrir vinnustaðagreining í Grandaskóla í framhaldi af talsverðri vinnu í starfsmannamálum. Haustið 2011 var síðan lögð könnun fyrir alla starfsmenn borgarinnar og voru niðurstöður úr þeirri könnun ekki eins jákvæðar en þó betri en vorið 2010. Í þeim spurningum er lúta að viðurkenningu í starfi hafa þó orðið mjög jákvæðar framfarir en aftur á móti virðist hafa dregið úr ánægju með samskipti og traust til yfirmanna frá vori til hausts. Ljóst er af síðustu vinnustaðagreiningu að margt hefur áunnist varðandi ánægju starfsfólks með stjórnun skólans og þá þætti er tengja má stjórnun en sumt má enn bæta og er ástæða til að sofna ekki á verðinum og rýna vel í það sem betur má fara.

2.1.4 Aðgerðir til umbóta

Á síðasta skólaárinu varð sú breyting á stjórnendateymi skólans að ekki voru lengur deildarstjórar starfandi heldur einungis verkefnastjórar. Á næsta skólaári verða þrír starfandi verkefnastjórar við skólann í 25% starfshlutfalli hver. Nýr skólastjóri tók til starfa við skólann í haust. Kennararáð mun starfa áfram við skólann.

2.2 Skipulag skólastarfs - starfsáætlun

Í þessum kafla er fjallað um eftirfarandi þætti (sjá *stefnu og starfsáætlun Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur og starfsáætlun viðkomandi skóla, grunnskólalög nr.91/2008 gr.29*)

Skipulag skóladagsins , s.s. námslotur, frímínútur, hádegishlé, matur. Hverjar eru grunneiningar skólans, þ.e bekkur, árgangur eða annað? Er samkensla innan árgangs eða milli árganga? Sagt frá skipulagi list- og verkgreina, samþættingu námsgreina, þemu og valgreinum. Greint er frá sérstöðu og/eða sérkennum í skipulagi skólans.

Starfsáætlun er endurskoðuð á hverju vori. Skólastjóri og aðstoðarskólustjóri hafa umsjón með þeirri vinnu.

2.2.1 Markmið

Grandaskóli er hverfissskóli fyrir 6 - 12 ára nemendur. Skólárið 2012 - 2013 var nemendum á sama aldri, árgangi, skipað í bekkjardeildir sem í skólanum kallast bekkir. Í hverjum árgangi frá 1. upp í 7. bekk var einn bekkur sem samanstóð af 32 - 44 nemendum (fer eftir stærð árgangs).

Skólahúsnæðið er opnað kl. 08:00 á morgnana og er nemendum heimilt að mæta í skólann þá. Kennsla hófst í vetur kl. 08:30 hjá öllum nemendum skólans og var skóladagurinn samfelldur. Hjá 1.- 4. bekk lauk skóladegi kl. 13:30 en hjá 5. - 7. bekk kl. 14:10 alla daga. Stundaskrár voru hefðbundnar og vinnulotur 40 - 80 mínútur. Tvisvar á dag fengu nemendur frímínútur: 20 mínútur eftir fyrstu 80 mínútna lotuna og aðrar 20 eftir næstu 80 mínútur. Öllum nemendum skólans ber að fara út í frímínútur.

Nemendum býðst að kaupa hádegismat í skólanum. Nemendur í 1. - 4. og 7. bekk fóru í vetur í matsal kl. 11:50 - 12:10 en 5. og 6. bekkur kl. 12:30 - 12:50.

Gefin er út stundaskrá fyrir hvern bekk þar sem tilgreindur er tímaföldi nemenda og hvenær þeir sækja ákveðnar sérgreinar. Í öllum árgöngum voru tveir umsjónarkennarar. Umsjónarkennarar hvers árgangs sjá síðan um nánari útfærslu á stundaská og hafa þá til hliðsjónar viðmiðunarstundaskrá Aðalnámskrár.

Í Grandaskóla hefur hefur gegnum tíðina verið lögð áhersla á list-og verkgreinar. Þessar greinar hafa verið kenndar í lotuformi undanfarin ár. Loturnar eru þannig skipulagðar að hverjum árgangi skólans er skipt upp í þrjá til fjóra hópa (fjöldi hópa fer eftir stærð árgangsins). Grunngreinar í lotu voru í vetur textílmenn, smíði og myndmennt og fjórða grein var heimilisfræði, tónmennt, UT eða stuttmyndagerð, mismunandi eftir aldurshópum. Nemendur voru samfelld 8 - 10 vikur í hverri grein, 4 stundir í viku eða um 32 - 40 kennslustundir alls.

Tónmenntarkennsla hefur skipað stóran sess við skólann. Grandaskóli hlaut hvatningarverðlaun Menntaráðs skólaárið 2006 - 2007 fyrir tónlistaruppeldi. Nemendur fengu í vetur 2,5 - 3 kennslustundir á viku í tónmennt. Tvisvar í viku hittast nemendur á miðrými skólans og syngja saman í samsöng sem stjórnað er af tónmenntakennurum skólans.

Til að stuðla að aukinni hreyfingu nemenda fá allir nemendur Grandaskóla 2,5 -3 vikustundir í skólaíþróttum, auk sund- og danstíma hálfan vetur.

Þar sem Grandaskóli er staðsettur rétt við sjávarsíðuna höfum við lagt áherslu á sjóinn og fjöruna. Á hverju skólaári er sett upp sjóbúr í tengslum við líffræðikennslu á eldra stigi og á þemadögum í lok skólaársins taka allir nemendur þátt í verkefni sem við köllum "Margt býr í fjörunni".

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaleyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert.

2.2.2 Framkvæmd

Í Grandaskóla hefur frá upphafi verið lagt mikið upp úr samstarfi kennara. Kennarar bera sameiginlega ábyrgð á að uppfyllt séu skilyrði viðmiðunarstundaskrár um vægi námsgreina innbyrðis og lágmarkskennslustundafjölda í einstökum greinum. Lögð er áhersla á að kennarar fái tíma til samstarfs enda er það grundvallaratriði sem allt þeirra starf stendur og fellur með.

Frá árinu 2005 höfum við litið á hvern árgang sem komið hefur í skólann að hausti sem eina heild. Umsjónarkennarar hópsins bera sameiginlega ábyrgð á nemendum og vinna saman að því að skipuleggja nám þeirra. Við teljum að þetta fyrirkomulag stuðli að enn

frekari sveigjanleika og bjóði upp á möguleika á skiptingu nemenda í mismunandi hópa eftir viðfangsefnum hverju sinni. Eins gefur þetta kennurum kost á að skipta með sér kennslu námsgreina.

Valsvæði eða val eins og það er kallað er fastur liður á stundaskrá allra árganga a.m.k.einu sinni í viku. Þá eru að öllu jöfnu hefðbundnar skólabækur lagðar til hliðar og nemendur velja sér viðfangsefni undir handleiðslu kennara.

Starfsáætlun er birt á heimasíðu skólans

<http://www.grandaskoli.is/images/stories/starfzz.pdf> en þar eru upplýsingar er varða skipulag, stoðþjónustu, foreldrasamstarf auk ýmissa áætlana er varða skólastarfið.

2.2.3 Mat

Í könnun Skóla og frístundasviðs Reykjavíkurborgar "Viðhorf foreldrar til grunnskólastarfs í Reykjavík" vorið 2013 er árangur skólans rétt yfir landsmeðaltali. Mælikvarðinn byggir á viðhorfum foreldra til tíu staðhæfinga um skólann. Þær fjalla um gæði skólans, kennslunnar og námsins.

80% foreldra telja verkefni í skólanum hæfilega þung en 78% foreldra töldu barnið sitt fá verkefni við hæfi vorið 2012.

Hvað námsáætlanir varðar þá telja 81% aðspurðra foreldra mikilvægt að gera námsáætlanir með sínu barni en einungis 38% foreldra hafa tekið þátt í að gera slíkar áætlanir með sínum börnum.

2.2.4 Aðgerðir til umbóta

Allir umsjónarkennarar skólans kenndu í tveggja manna teyrum í vetur og var reynt að haga stundatöflugerð þannig að þeir hefðu sem mest af viðveru sinni í skólanum utan kennslu til samvinnu. Að auki fengu þeir viðbótarstund til sameiginlegs undirbúnings undanfarin ár. Vikulega eru kennara- eða starfsmannafundir þar sem oft eru tekin fyrir málefni sem snerta skipulag starfsins og auk þess eru allir kennarar skólans með klukkustund saman sem hægt er að nýta þvert á árganga eða hópa ef þörf krefur.

Í foreldrakönnun sem gerð var vorið 2013 eru 13% foreldra frekar óánægðir með hvernig við komum til móts við þeirra barn, 80% aðspurðra foreldra telja námsefni barna sinna hæfilega þungt en 13% telja námsefnið of létt. Það er vert að skoða og nauðsynlegt að rýna betur í þær niðurstöður. Innleiðing á Námsframvindu, einingu í Mentorkerfinu á að gera foreldrum betur kleift að fylgjast með þeim námsmarkmiðum sem lögð eru til grundvallar í einstökum námsgreinum og hvernig börnum þeirra gengur að ná þeim markmiðum.

2.3 Skimanir og árangur í samræmdum könnunarprófum

Þær skimanir og stöðluð próf sem stuðst var við í skólanum veturinn 2012 - 2013 og lögð voru fyrir alla nemendur í eftirfarandi árgöngum eru:

- Boehm sem kannar hugtakaskilning í 1. bekk (sérkennari)
- Skimunarpróf talkennara í 1. bekk
- Lesskimun í 1. bekk (umsjónakennarar vinna úr)
- Lesskimun í 2. bekk (úrvinnsla Menntasvið)
- Lögð eru lestrarpróf fyrir alla árganga nema 1. bekk, að hausti, í janúar og að vori. 1. bekkingar eru einungis lestrarprófaðir á vorin.
- Orðarún, mat á lesskilningi, staðlað próf fyrir 3. - 8. bekk.
- Talnalykill í 3. bekk (úrvinnsla Menntasvið)
- Samræmd próf í 4. og 7. bekk (Námsmatsstofnun)

2.3.1 Markmið

Markmið skólans um árangur í samræmdum prófum og skimunum:

- Að nemendur nái að nýta hæfileika sína til fulls .
- Að skima þá nemendur sem þurfa frekari greiningu og eða sérstaka aðstoð .
- Að fylgjast með framvindu náms í árgöngum og milli árganga.

2.3.2 Framkvæmd

Prófin eru lögð fyrir árlega og niðurstöður kynntar kennurum sem síðan nýta þær í sínu kennsluskipulagi bæði hvað varðar kennslu árgangsins og einnig einstakra nemenda. Litið er á töku prófanna sem hluta af eðlilegu skólastarfi og lagður er metnaður í að nemendur nái góðum árangri.

Fyrir þá nemendur sem þurfa sérstaka aðstoð eru útbúnar einstaklingsnámskrár í samráði við foreldra.

2.3.3 Mat

Niðurstöður úr Læsi

Vorið 2007 var Læsi lagt fyrir 42 nemendur í 2 bekk. Alls geta 34 af þeim lesið sér til gagns eða 81% nemenda. Nemendur Grandaskóla sýndu marktækt betri árangur en nemendur í Reykjavík. Meðaltalsárangur Grandaskóla er 77% á móti 71% í Reykjavík.

Vorið 2008 var Læsi lagt fyrir 40 nemendur í 2 bekk. Alls geta 33 af þeim lesið sér til gagns eða 83% nemenda. Nemendur Grandaskóla sýndu marktækt betri árangur en nemendur í Reykjavík. Meðaltalsárangur Grandaskóla er 80% á móti 72% í Reykjavík.

Vorið 2009 var prófið lagt fyrir 35 nemendur af 38 í 2. bekk. Af þeim geta 26 eða rúm 74% lesið sér til gagns þ.e. ná 65% árangri í prófinu. Meðaltalsárangur nemenda í Grandaskóla var rúmlega 75% á móti 72% hjá meðaltalsárangri í borginni.

Vorið 2010 var prófið lagt fyrir 30 nemendur af 32 í 2. bekk. Af þeim geta 25 eða 83% lesið sér til gagns þ.e. náð 65% árangri á prófinu. Meðalárangur nemenda í Grandaskóla er marktækt betri en meðalárangur í Reykjavík. Meðalárangur nemenda í 2. bekk í Grandaskóla er 81% á móti 72% í Reykjavík.

Vorið 2011 var prófi lagt fyrir 31 nemanda af 32 nemendum í 2. bekk. Af þeim geta 24 eða 77% lesið sér til gagns þ.e. 65% árangri á prófinu. Meðalárangur nemenda í Grandaskóla er 78,3 % á móti 73,4 % í Reykjavík allri.

Vorið 2012 var prófið lagt fyrir 37 nemendur af 41 í 2. bekk. Af þeim geta 26 eða 70 % lesið sér til gagns þ.e. náð 65% árangri í prófinu. Meðalárangur nemenda í Grandaskóla er 73.8 % á móti 72,4 % í Reykjavík allri.

Niðurstöður úr Talnalykli

Talnalykill, samræmt greinandi próf í stærðfræði fyrir 3. bekk var í fyrsta sinn lagt fyrir í Grandaskóla 2008. Nemendur fara í gegnum fleiri prófhluta eftir því sem árangur þeirra er lakari.

Talnalykillinn var lagður fyrir í annað sinn í nóvember 2009. Niðurstaðan var góð. Þeir sem fóru í gegnum einungis hluta I voru 27 af 32 eða 77% (64% 2008) Þeir sem fóru bæði gegnum hluta I og II voru 3 eða 9% (17% 2008) og þeir sem fóru í gegnum alla prófhlutana þrjá voru 2 eða 6% (19% 2008).

Talnalykillinn var lagður fyrir í þriðja sinn í nóvember 2010. Nemendur voru 33 og tóku allir nemendurnir þátt. Niðurstaðan var ekki eins góð og árið á undan. Þeir sem fóru einungis í gegnum hluta I voru 26 eða 79% (86% árið 2009). Þeir sem fóru í gegnum hluta II voru 3 og hluta III voru 4. Þetta gera samtals 7 nemendur eða 21% (14% árið 2009). Niðurstaðan er engu að síður betri en árangurinn í Reykjavík en þar voru

72% sem fóru einungis í hlut I og 28% sem fóru í hluta II og III

Árið 2011 var skimunin lögð fyrir alla nemendur í 3. bekk eða 32 alls. Flestir nemendur eða 29 fóru einungis í gegnum þrep I. Það gera 91% nemenda, 9% nemenda héldu áfram í gegnum skimunina. Þetta ár var Grandaskóli með 9. hæsta meðaltalið af þeim 33 skóla sem tóku þátt.

Talnalykillinn var lagður fyrir 37 nemendur af 39 í 3. bekk árið 2012. Langflestir, eða 30 nemendur fóru einungis í gegnum þrep I eða 81% . Um 19% nemenda héldu áfram í gegnum skimunina. Grandaskóli var með sjöunda hæsta meðaltalið af skólunum 31 sem tóku þátt.

Niðurstöður samræmdra prófa í 4. bekk

2010 Íslenska Grandaskóli 7,0 Reykjavík 5,8 Landið allt 5,6	2009 Íslenska Grandaskóli 6,5 Reykjavík 6,2 Landsmeðaltal 6,0	2008 Íslenska Grandaskóli 6,53 Reykjavík 6,5 Landsmeðaltal 6,4	2007 Íslenska Grandaskóli 6,75 Reykjavík 6,2 Landið allt 6,2
2010 Stærðfræði Grandaskóli 8,2 Reykjavík 7,2 Landið allt 7,2	2009 Stærðfræði Grandaskóli 6,88 Reykjavík 6,2 Landsmeðaltal 6,1	2008 Stærðfræði Grandaskóli 6,64 Reykjavík 6,8 Landsmeðaltal 6,8	2007 Stærðfræði Grandaskóli 7,3 Reykjavík 6,8 Landsmeðaltal 6,8

2011 Íslenska Grandaskóli 31,2 ¹ Reykjavík 30,4	2012 Íslenska Grandaskóli 34,9 Reykjavík 30,5
2011 Stærðfræði Grandaskóli 30,9 Reykjavík 29,7	2012 Stærðfræði Grandaskóli 34,0 Reykjavík 29,9

¹meðaltal

Niðurstöður samræmdra prófa í 7. bekk

2010 Íslenska Grandaskóli 7,4 Reykjavík 6,8 Landið allt 6,7	2009 Íslenska Grandaskóli 6,86 Reykjavík 6,5 Landsmeðaltal 6,4	2008 Íslenska Grandaskóli 7,43 Reykjavík 7,2 Landsmeðaltal 7,1	2007 Íslenska Grandaskóli 7,16 Reykjavík 7,1 Landsmeðaltal 7,0
2010 Stærðfræði Grandaskóli 6,4 Reykjavík 6,2 Landið allt 6,1	2009 Stærðfræði Grandaskóli 7,33 Reykjavík 7,0 Landsmeðaltal 6,8	2008 Stærðfræði Grandaskóli 7,35 Reykjavík 6,7 Landsmeðaltal 6,5	2007 Stærðfræði Grandaskóli 7,53 Reykjavík 7,1 Landsmeðaltal 7,0

2011 Íslenska Grandaskóli 32,5 ¹ Framfarastuðull 1,03 Reykjavík 30,8	2012 Íslenska Grandaskóli 30,2 Framfarastuðull 1,01 Reykjavík 30,6
2011 Stærðfræði Grandaskóli 33,3 Framfarastuðull 1,04 Reykjavík 30,4	2012 Stærðfræði Grandaskóli 31,6 Framfarastuðull 0,99 Reykjavík 30,5

¹meðaltal

2.3.4 Aðgerðir til umbóta

Niðurstöðum skimana og samræmdra prófa er fylgt eftir með greiningu á viðkomandi árgangi skólans. Stjórnendur funda með umsjónarkennurum þar sem fjallað er sérstaklega um þá nemendur sem lakast hafa komið út og gerð er áætlun um frekari vinnu með þeim. Niðurstöður samræmdra prófa veita foreldrum mikilvægar upplýsingar um stöðu barna sinna.

Talnalykillinn kom betur út árið 2012 en 2011. Ljóst er að undirbúningur slíkra kannana skiptir verulegu máli.

Vinna heildstæðrar lestrarstefnu í samvinnu við aðra grunnskóla í Vesturbæ er langt komin.

2.4 Nemendur og líðan

Í Stefnu og starfsáætlun Skóla- og frístundasviðs 2013 er m.a. kveðið á um að á öllum sviðum skólastarfs sé lögð áhersla á að börnum í borginni líði vel og fari stöðugt fram, þau nái árangri og öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Í 13. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 um rétt nemenda segir að allir nemendur eigi rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan. Auk þess að taka skal tillit til sjónarmiða þeirra eins og unnt er.

Í 10 gr. sömu laga segir að við grunnskóla skuli starfa nemendafélag sem vinnur að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum auk þess sem hann er ábyrgur fyrir stofnun þess.

Meginmarkmið Grandaskóla er að nemendum líði vel í skólanum og fái verkefni við hæfi. Það er gert með því að bera umhyggju fyrir nemendum, sýna þeim virðingu og gefa þeim tækifæri til að læra af mistökum sínum og einnig að njóta þess sem þeir gera vel. Allir nemendur koma öllum starfsmönnum við og það hjálpar okkur að fylgjast náið með líðan nemenda okkar. Námsumhverfið á að vera hvetjandi en jafnframt hlýlegt og vinalegt. Markvissir bekkjarfundir skulu haldnir til að auka nemendalýðræði í skólanum. Þar skulu nemendur fá tækifæri til að tjá sig og þjálfun í að hlusta á aðra. Nemendaráð er starfandi, þar hafa nemendur tækifæri til að koma sínum málum að og fá einnig að fylgjast með þeim málefnum sem snerta þá beint og tjá sig um þau.

2.4.1 Markmið

Í Grandaskóla eru nemendur í 1. - 7. bekk. Það er ekki starfandi nemendafélag en

starfandi nemendaráð og skólaráð. Bekkjarfundir eiga að vera nokkurskonar bekkjarfélög þar sem allir nemendur hafa vettvang fyrir sín sjónarmið. Þar geta nemendur tekið á málefnum líðandi stundar eða notað tímann til að skipuleggja félagsstarf. Allir nemendur skólans fá tækifæri til að skipuleggja og æfa uppákomur á sal og fá þannig þjálfun í að koma fram fyrir áhorfendur. Nemendur í 7. bekk taka einnig þátt í Stóru Upplstrarkeppninni og nota meginhluta vetrarins í æfingar á góðum upplestri. Markmið allra vettvangsferða er að efla félagsþroska og félagsfærni nemenda, ásamt því að víkka sjóndeildarhring þeirra og auka vellíðan.

Skólinn er Olweusarskóli frá 2005 og hefur unnið öflugt starf eftir þeim hugmyndum. Þar hefur verið megináhersla á forvarnir eða bekkjarfundina. Bekkjarfundir eru fastir á stundaskrá vikulega í öllum árgöngum. Þeir eru mjög mikilvægir til að þjálfva nemendur í að ræða saman og læra að bera virðingu fyrir skoðunum annarra og umgangast alla með virðingu og tillitsemi. Nemendur hafa verið með í að rýna í ákveðnar niðurstöður. Einnig hefur foreldrum 5.-7. bekkinga verið boðið á opna bekkjarfundi til að ræða saman um valdar niðurstöður úr Olweusarkönnun.

2.4.2 Framkvæmd

Jákvæð hvatning er mjög mikilvæg í öllu skólastarfi og er það eitt af markmiðum skólareglna skólans að hvetja nemendur til góðra verka og gefa þeim ávallt tækifæri til að bæta sig.

Til að styrkja og efla félagsfærni og sjálfsmynd nemenda er kappkostað að bjóða upp á fjölbreytt skólastarf. Í hverri skólastofu er heimakrókur þar sem nemendur geta komið saman og rætt um mál sem þarf að leysa. Þetta er gert þannig að allir nemendur hafi tækifæri til að tjá sig og hafi þann rétt að á þá sé hlustað. Markmiðið er að nemendur komi sér saman um að leysa málin á sem farsælastan hátt. Bekkjarfundir eiga að vera í öllum árgöngum og eiga að vera sá vettvangur þar sem hægt er að taka á málum sem þarfnast úrlausna eða til að efla samkennd nemenda. Í öllum árgöngum er oftast fleiri en einn starfsmaður og á ávallt að vera hægt að bregðast strax við ef samskiptavandamál koma upp.

Allir árgangar eiga að vera með uppákomu á miðrymi eða sal þar sem megin áhersla er á að efla sjálftraust nemandans með því að flytja æft atriði og sýna fyrir áhorfendur. Einnig er samsöngur tvisvar í viku fyrir alla sem eflir samkennd og félagsfærni nemenda. Á haustdögum er vinavika en hún er hugsuð til að hrista starfsmenn og nemendur saman og efla samkennd innan hópsins en einnig til að auka fjölbreytni í skólastarfinu. Þemadagar eru oft skipulagðir þannig að nemendahópnum er öllum blandað saman og fá eldri nemendur þá ábyrgð að aðstoða þá yngri.

Í hverjum árgangi eru starfandi bekkjarfulltrúar úr röðum foreldra sem skipuleggja ásamt kennurum ýmsar uppákomur. Einu sinni á önn er boðið á bekkjarskemmtun, einnig hafa foreldrar skipulagt ferðir út úr húsi þar sem hópurinn skemmtir sér saman. Í 5., 6. og 7. bekk er verkefni sem stuðlar að auknu samstarfi við foreldrahópinn og byggir á sameiginlegri kynningu frá foreldrum og barni.

Ýmsar ferðir eru farnar á söfn og einnig gönguferðir út í grenndarsamfélagið. Allir nemendur taka þátt í vordögum "Margt býr í fjörunni". Þar er lögð megin áhersla á að nemendur skoði og fræðist um lífríkið í fjörunni og hafinu. Heimsæki söfn og fyrirtæki í nágrenni skólans, njóti þess að vera saman og upplifi hvað nánasta umhverfi hefur upp á að bjóða. Gagnkvæmar heimsóknir eru í leikskóla hverfisins og markvisst er unnið með inntöku leikskólabarna veturinn áður en þau byrja í skólanum.

Foreldrafélag Grandaskóla heldur jólafröndursdag, skipuleggur páskabingó, heldur fræðslufundi í samstarfi við aðra skóla og heldur vorhátið í samstarfi við starfsmenn skólans. Einnig kemur það að skipulagningu Þrettándagleði í samstarfi við aðra grunnskóla í hverfinu og fjölskyldu- og skólaþjónustumiðstöðina Vesturgarð.

Íþróttaskóli er starfandi í samstarfi við Undraland, frístundaheimili Skóla- og frístundasviðs fyrir nemendur Grandaskóla.

Tómstundatilboð á vegum Skóla- og frístundasviðs.

Nemendaráð Grandaskóla er þátttakandi í samráði Frostaskjóls. Það skipuleggur

uppákomur fyrir nemendur í 5.-7. bekk í skólum Vesturbæjar.

Ýmsar skemmtilegar heimsóknir eru farnar í fyrirtæki og söfn, bæði til fróðleiks og skemmtunar. Fimmtu bekkingar tóku þátt í gróðursetningu í Skólaskógum. Skíðaferð var í boði fyrir 6. bekkinga. Sjöundu bekkingar fóru í Skólabúðir á Úlfljótsvatni og gistu eina nótt en þar er lögð mikil áhersla á hópeflingu. Nemendur fóru m.a. á sinfóníutónleika í Hörpu, heimsóttu listasöfn, Þjóminjasafnið, tóku þátt í Barnamenningarhátíð og sóttu Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Bíó Paradís og fóru í margar aðrar skemmtilegar vettvangsferðir. Auk þessa fengum við ýmsa góða gesti í skólann s.s. tónlistarfólk úr verkefninu "Tónlist fyrir alla". Skólinn tekur þátt í Stóru upplestrarkeppninni og byrja nemendur að æfa sig á degi íslenskrar tungu 16. nóvember og halda ótrauðir áfram allan veturinn. Spurningakeppni Grandaskóla er haldin fyrir 5.,6. og 7. bekk á vorönn.

Auk alls þessa bauðst nemendum 7.bekkjara að taka þátt í sjálfboðastarfi í verkefni á vegum Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar og Félagsmiðstöðvar aldraðra í hverfinu með það að markmiði að auka tölvufærni aldraðra með aðstoð grunnskólanema.

Á jólaskemmtun sýna nemendur í 7. bekk leikrit . Fyrsti bekkur flytur helgileik í desembermánuði og er leikskólabörnum úr hverfinu boðið á þá sýningu. Á aðventunni fara nemendur í vettvangferð í Neskirkju.

Nemendaráð er starfandi í 5., 6. og 7. bekk og þar eru rædd mál sem hafa komið upp á bekkjarfundum eða málefni sem skólinn vill ræða við nemendur um. Verkefnastjóri bekkjarstarfs stýrir fundum nemendaráðs og kemur þeim málum áleiðis sem þarf og gefur skýrslu á næsta fundi um stöðu mála. Nemendaráð skipuleggur 1000 daga hátíð í 6. bekk og árshátíð 7. bekkinga í samvinnu við umsjónarkennara. Í skólanum er starfandi skólaráð en þar eiga nemendur tvo fulltrúa sem sitja einnig í nemendaráði og geta farið með mál þaðan í skólaráðið. Nemendur hafa greiðan aðgang að stjórnendum skólans til að ræða þau mál sem brenna á þeim. Skólinn leggur áherslu á að vinna samkvæmt Olweusaráætlun og leggur megináherslu á forvarnir í gegnum öfluga bekkjarfundum. Allir árgangar skulu á hverju hausti setja sér bekkjarreglur sem banna einelti og fara í gegnum markvissa umræðu og fræðslu um einelti, eðli eineltis, birtingarform þess og afleiðingar fyrir þolendur og gerendur. Eineltishringurinn hangir uppi í hverri stofu og eru starfsmenn hvattir til að nota hann þegar ágreiningsmál koma upp milli nemenda.

Lagðar eru fyrir kannanir á einelti og niðurstöður kynntar starfsmönnum og foreldrum. Einnig eru nemendum kynntar niðurstöður könnunar og leitað eftir hugmyndum þeirra til úrbóta.

Allir starfsmenn skólans taka þátt í umræðuhópum um einelti. Mikil áhersla er á að allir starfsmenn þekki starfsáætlun skólans í eineltismálum og séu samstiga í viðbrögðum og aðgerðum.

Skólareglur skólans eru kynntar fyrir nemendum á hverju hausti og hanga uppi í hverri stofu.

Tekið er á þeim eineltismálum sem koma upp samkvæmt eineltisáætlun skólans með samtölum við gerendur, þolendur og foreldra.

2.4.3 Mat

Nemendum í Grandaskóla líður vel í skólanum samkvæmt þeim könnunum sem athuga þann þátt.

Í Olweusarkönnun 2012 kemur fram að 80,5% nemenda í 4.-7. bekk líður vel og mjög vel í skólanum. Stúlkum líður betur eða 87,1% sem svarar því að þeim líði vel og mjög vel en 73 % drengja svara svo. 16,5 % taka ekki afstöðu til spurningarinnar.

Í Skólapúlslinum eru nemendur í 6. - 7. bekk spurðir um ýmsa þætti er varða skólann. Til að meta vanlíðan nemenda er notaður kvarði sem veitir vísbendingar um vanlíðan hjá nemendum. Grandaskóli fékk 4,34 í þættinum um vanlíðan en landsmeðaltalið er 4,81. Kvíði er einnig metinn á sambærilegum kvarða og Grandaskóli fékk 4,05 í þættinum um kvíða en landsmeðaltalið var 4.79.

Í könnun Skóla og frístundasviðs " Viðhorf foreldra til grunnskólastarfs í Reykjavík" á vorönn 2013 var spurt "

"Hversu vel eða illa telurðu að barninu líði almennt í skólanum ?" 95 % foreldra

svöruðu vel eða frekar vel. 4 % aðspurðra foreldra töldu barni sínu líða frekar illa í skólanum og 1 % mjög illa."

Í sömu könnun var spurt um líðan í kennslustundum og voru niðurstöður þær sömu og í fyrri spurningu.

2.4.4 Aðgerðir til umbóta

Við viljum halda áfram að efla samkennd nemenda í árgöngum og milli árganga. Til þess þarf að halda áfram að þróa mismunandi útfærslur í hópasamsetningum. Einnig er mikilvægt að efla og auka samvinnu og þemavinnu t.d. með þverskiptingu í aldursblöndun, þannig getum við líka aukið ábyrgðartilfinningu eldri nemenda gagnvart þeim yngri. Stefnt er að því að halda áfram að vera með aldursblandaða þemadaga. Eldri nemendur sýndu mikla ábyrgð og voru hjálpsamir og góðir við yngri nemendur.

Niðurstöður eineltiskönnunar Olweusar vekja enn og aftur upp umræður um framkomu og talsmáta nemenda. Mikilvægt að starfsmenn séu samstíga með þau viðmið sem gilda í samskiptum og bregðist eins við. Mentor skráningar um hegðun, framkomu og líðan voru eflar og birtar foreldrum. Ytri rammar eins og skólareglur skulu vel kynntar fyrir nemendum og foreldrum. Þær þurfa að vera aðgengilegri á heimasíðu skólans. Bekkjareglur eru yfirfarnar á hverju hausti. Mikilvægt að inn í þær komi skýr skilaboð um að einelti sé ekki liðið í skólanum. Reglur skólans um einelti og hvernig unnið er með þau mál þurfa að vera öllum aðilum skýrar og aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Mjög mikilvægt að virkja foreldra og nemendur meira í umræðuna um einelti og efla vitund þeirra gegn einelti. Næsta vetur munum við halda áfram að bjóða foreldrum á opinn bekkjarsfund. Þar munu foreldrar og nemendur taka fyrir þau málefni sem koma fram í Olweusarkönnun og þarfnast umræðu.

2.5 Foreldrasamstarf

Samkvæmt grunnskólalögum bera foreldrar ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra.

Í Aðalnámskrá grunnskóla segir:

„Samkvæmt barnalögum teljast foreldrar þeir sem fara með forsjá barns. Foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna. Á þeim hvílir sú skylda að börnin sæki skóla og að þau séu eins móttækileg fyrir þeirri menntun sem skólinn býður og framast er unnt. Skólinn aðstoðar foreldra í uppeldishlutverkinu og býður fram menntunartækifæri. Menntun og velferð nemenda er sameiginlegt verkefni heimila og skóla og samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti, og upplýsingamiðlun beggja aðila, sameiginlegum ákvörðunum og samábyrgð. Mesta áherslu ber að leggja á samstarf heimila og skóla um hvern einstakling, nám hans og velferð og að heimili og skóli sé vettvangur menntunar.“

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 stendur m.a. í 8. gr. "Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald." Samkvæmt 18. gr. laganna skulu foreldrar gæta hagsmuna barna sinna á skólaskyldualdri og er þeim skylt að veita grunnskóla upplýsingar um barn sitt sem nauðsynlegar eru fyrir skólastarfið og velferð barnsins. Einnig er þar kveðið á um samráð foreldra við skólann um skólagöngu barna sinna. Í 19.gr. er rætt um ábyrgð foreldra á námi barna sinna og að þeim beri að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra. Í 27. gr. er rætt um rétt foreldra og nemenda á upplýsingum um niðurstöðum mats, matsaðferðum og matstæki og rétt þeirra á munnlegum skýringum og að niðurstaða námsmats sæti endurskoðun innan grunnskólans.

Í Aðalnámskrá grunnskóla stendur "Gagnkvæm og virk upplýsingagjöf stuðlar að trausti milli foreldra og starfsfólks skóla og hjálpar þeim að deila ábyrgð og taka ákvarðanir sem lúta að velferð nemenda."

Í starfsáætlun Skóla- og frístundasviðs vorið 2013 er kveðið á um markvissa, samræmda upplýsingamiðlun og fræðslu til foreldra

2.5.1 Markmið

Við upplýsingamiðlun notum við Mentor.is sem gerir samskipti innan skóla skilvirkari og upplýsingagjöf til foreldra öflugri. Ýmsar upplýsingar koma fram í fréttabréfum og á heimasíðu skólans. Vikulegir viðtalstímar allra kennara auk daga til nemenda-/foreldrasamtala.

Foreldrar/forráðamenn bera frumábyrgð á uppeldi barna sinna. Á þeim hvílir sú skylda að börnin sæki skóla og að þau séu eins móttækileg fyrir þeirri menntun sem skólinn annast og framast er unnt.

Öll þátttaka foreldra í skólastarfinu er mikilvæg. Má þar nefna virka þátttöku í foreldrafélagi og bekkjarstarfi. Ýmsir þættir í hinu daglega skólastarfi snúa beint að foreldrum og er ekki síður mikilvægt að þeir séu virkir þátttakendur í þeim hluta t.d. með því að fylgjast með heimanámi barna sinna, mæta á fundi s.s. námsefnis- kynningar og bekkjarkvöld, aðstoða í ferðum og koma með innlegg í kennsluna þegar það á við, t.d. hvað varðar kynningar á starfsgreinum. Foreldrar hafa sérstaklega verið hvattir til þátttöku á þemadögum í skólanum.

Skólaráð tók til starfa við skólann í janúar 2009. Foreldrafélag starfar við skólann. Markmið þess er að „vinna að heill og hamingju nemenda skólans og styrkja skólann í hvívetna“ skv. lögum foreldrafélags Grandaskóla. Árlega eru kosnir tveir eða fleiri bekkjarfulltrúar í hverjum bekk/árgangi sem eiga að halda utan um foreldrastarf innan bekkjarins auk þess að vera tengiliðir við foreldrafélagið.

Gott samstarf milli heimilis og skóla er einn af hornsteinum góðs skólastarfs og mikilvægt til þess að nemendum líði sem best. Því er mikilvægt að koma á sem bestri samvinnu frá upphafi og þurfa allir, skólastjórnendur, kennarar og foreldrar að leggja sitt af mörkum til þess að svo verði. Í Grandaskóla er lögð áhersla á regluleg og góð samskipti umsjónarkennara við foreldra.

Foreldrar fá reglulega upplýsingar um bekkjarstarfið og námsáætlanir/heimanám í gegnum Mentor frá umsjónarkennara. Á heimasíðu skólans eru reglulega fréttir af ýmsu markverðu í skólastarfinu auk annarra upplýsinga er varða skólann s.s. skóladagatal, stoðþjónustu, heimanám, Olweus og fjölmargar aðrar krækjur er varða skólastarf.

Áhersla er lögð á að bjóða foreldrum á ýmsar uppákomur í skólanum og kynna þannig það sem verið er að vinna að í skólanum.

Foreldrum er gjarnan boðið til funda á skólatíma eins og t.d. Olweusfundi og kynningafundi. Það hefur gefið góða raun og mætingar síst verri en ef um síðdegis/kvöldfundi er að ræða.

2.5.2 Framkvæmd

Í upphafi skólagöngu 1. bekkinga er foreldrum boðið á kynningarfund þar sem kennarar sem koma að 1. bekk kynna sig og starfið og auk þess stutt kynning á Olweusarverkefninu. Umsjónarkennarar kynna síðan vetrarstarfið framundan og þær áherslur sem þeir leggja í kennslunni. Aðrir árgangar halda einnig kynningarfundum að hausti þar sem námsefni og starf er kynnt, ásamt því að ræða almennt um ýmislegt sem viðkemur skólastarfinu. s.s. heimavinnu, bekkjarreglur og samskipti.

Foreldrafundir voru þrjár í vetur. Að hausti áður en skólinn hófst hittust foreldrar, umsjónarkennari og nemandi til að skoða veturinn framundan og setja sér markmið með náminu. Í október var foreldrafundur sem hefur yfirskriftina samskipti og líðan og síðasti foreldrafundurinn var í janúar þar sem aðaláherslan var á námsframvindu og vitnisburð nemandans. Foreldrar eru almennt ánægðir með þessa fundi.

Nú í vor stóð foreldrafélag skólans í samvinnu við stjórnendur í fyrsta skipti fyrir

kynningarfundir fyrir þá foreldra sem hefja munu nám í fyrsta bekk næsta haust. Fundurinn var vel sóttur og mikil ánægja með framtakið.

Önnur samskipti skólans og upplýsingamiðlun við foreldra fer fram í gegnum:

- Mentor sem allir kennarar nota til að skrá upplýsingar í, umsjónarkennarar senda heim skilaboð/heimavinnuáætlanir. Foreldrar hafa aðgang að dagbókarskráningu síns barns.
- Kennarar hafa fastan viðtalstíma í viku hverri og hafa samband heim og hægt að hafa samband við þá.
- Á heimasíðu skólans er leitast við að koma á framfæri helstu fréttum í máli og myndum og einnig upplýsingum fyrir foreldra.
- Kennarar senda heim fréttabréf um bekkjarstarfið.
- Foreldrum er boðið reglulega á ýmsar uppákomur sem tengjast bekkjarstarfinu s.s. jólaleikrit 1. bekkjar, dansýningar, söguverkefni o.fl.
- Foreldrar nemenda í 5. bekk kynna áhugasvið með barninu sínu.
- Foreldrar og nemendur eru saman með landakynningar í 7. bekk.
- Starf foreldrarfélagsins sem heldur utan um ýmslegt tengt skólanum s.s. jólaföndur, þrettándagleði, páskabingó, fræðslufundi og vorhátíð.
- Þátttaka foreldra í bekkjarfundum í 5. - 7. bekk í tengslum við Olweusarverkefni.
- Sameiginleg vorhátíð skólans og foreldrafélagsins.

2.5.3 Mat

Ánægja foreldra með Grandaskóla mælist nú rétt yfir landsmeðaltali skv. viðhorfskönnun.

96 % telja skólanum mjög eða frekar vel stjórnað, 4% eru frekar óánægðir en 3-5% foreldra hafa svarað þannig allt frá fyrstu könnun árið 2004.

95% foreldra telja að þeirra barni líði alltaf eða oftast vel í skólanum. 95% eru ánægðir með síðasta foreldra/nemendasamtal sem þeir fóru í, 87% voru ánægðir með upplýsingar á heimasíðu skólans en ekki var spurt um aðra upplýsingagjöf í könnuninni.

Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við barnið sitt er nokkuð yfir landsmeðaltali. 69% telja sig hafa mikil eða mjög mikil áhrif þegar teknar eru ákvarðanir varðandi þeirra börn. Ekki var spurt sérstaklega um þætti sem foreldrar vildu hafa áhrif á í könnuninni.

Ljóst er af ofangreindu að foreldrar eru almennt ánægðir með skólann og meðaltal skólans þar nokkuð fyrir ofan meðaltal í Reykjavík.

Fram til ársins 2008 hafði dregið töluvert úr mætingum foreldra á viðburði innan skólans, sérstaklega fræðsluerindi og vinnufundi. Þá var gripið til þess ráðs að boða slíka fundi á skólatíma og jókst þátttaka foreldra umtalsvert við það.

Í Skólapúlseinum voru nemendur spurðir um samband við kennara. Niðurstaðan var rétt undir landsmeðaltali nú. Niðurstöður skólans eru nú 5,40, landsmeðaltal 5,69 en voru á síðasta skólaári 5,54 á móti landsmeðaltalinu 5,70. Hér eru aðeins tveir áragangar, nemendur í 6. og 7. bekk sem svara og má ætla að sambandi nemenda yngri árganga við kennara sína geti verið öðruvísi háttáð. Svör nemenda varðandi þann stuðning sem þeir fá frá kennurum eru einnig rétt undir landsmeðaltali 5,65 á móti 5,85.

2.5.4 Aðgerðir til umbóta

Gott samstarf er við Foreldrafélag skólans og skólaráð og ánægjulegt hve foreldrar eru jákvæðir gagnvart skólastarfinu og stjórnun þess. Full ástæða er til að virkja enn frekar þann mikla áhuga og velvild sem við finnum úr foreldrahópnum til að styrkja tengslin og skólastarfið almennt. Það er líka mikilvægt að foreldrum finnst þeir eigi erindi og finni sig ávalt velkomna í skólann og því mikils um vert að þeir hafi meira hlutverk/vægi innan hans.

3 Verklag

Í þessum kafla er fjallað um áherslur skólans og framkvæmd skólstarfsins. Sagt er frá skólanámskrá og markmiðum hennar, greint frá hvort og hvernig skólinn starfar eftir hugmyndafræði skóla án aðgreiningar og gerð grein fyrir fjölbreyttum kennsluháttum. Jafnframt gerð grein fyrir námsmati, heimasíðu og heilnæmu skólaumhverfi.

3.1 Skólanámskrá

Í þessum kafla er fjallað um skólanámskrá, en í lögum um grunnskóla nr. 91/2008, gr. 29 kemur fram að skólanámskrá skuli vera nánari útfærsla á Aðalnámskrá grunnskóla um markmið skólstarfs, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólstarfs, tengsl skóla við nærsamfélagið og hvernig unnið er að því að skapa góðan skólabrag.

Skólanámskrána má nálgast á heimasíðu skólans

http://www.grandaskoli.is/index.php?option=com_content&view=article&id=514&Itemid=

3.1.1 Markmið

Markmið skólanámskrár er að birta upplýsingar um:

- Gildi sem starf skólans byggir á
- Stefnu skólans um nám og kennsluhætti.
- Hvernig komið er til móts við börn með ólíka námsgetu, bráðger, seinfær.
- Markmið námsgreina og árganga byggð á aðalnámskrá.

Markmið með áætlanagerð Grandaskóla er að veita forráðamönnun sem bestar upplýsingar um skólstarfið, um námsmarkmið og leiðir að þeim og námsmat.

Skólanámskrá Grandaskóla hefur verið til allt frá því skólinn hóf starfsemi sína 1986 og hefur verið í stöðugri þróun. Veturinn 2006 - 2007 var tekin sú ákvörðun að skipta skólanámskánni upp í þrennt; almennan hluta, bekkjarnámskár og starfsmannahandbók. Skólanámská hefur ávallt verið lögð fyrir foreldraráð nú skólaráð. Þar gefst foreldrum og nú nemendum tækifæri á að koma með athugasemdir. Bekkjarnámskár eru sýnilegar á heimasíðu skólans.

Skólaárið 2009-2010 hófst vinna við gagngera endurskoðun á bekkjarhlutanum með hliðsjón af nýrri Aðalnámská grunnskóla og stendur enn.

3.1.2 Framkvæmd

Skólastjóri ber ábyrgð á því að skólanámskrá sé unnin, gefin út og kynnt.

Skólanámskrá Grandaskóla skiptist upp í þrjá hluta bekkjarnámskrár, almennan hluta og starfsmannahandbók. Í almenna hlutanum er að finna stefnu, sérstöðu og skipulag skólstarfsins. Þar er einnig að finna hagnýtar upplýsingar um starfsemi skólans, tengingu skólans við grenndarsamfélagið, reglur og áætlanir og samskipti við heimilin. Þessi hluti er yfirfarinn árlega og lagður fyrir skólaráð til umsagnar.

Bekkarhlutinn hefur að geyma nánari útfærslu kennara á Aðalnámská grunnskóla þar sem fjallað er um það sem nemendum verður kennt. Þar eru sett fram markmið með hverri námsgrein og leiðir að því að ná þeim auk námsmats og að lokum samantekt á kennslu vetrarins. Bekkjarnámskrár eru endurskoðaðar tvisvar á ári, á haustin er farið yfir markmið, leiðir og námsmat komandi vetrar en á vorin er farið yfir og skráð það sem í raun var kennt og hvernig það gekk. Bekkjarnámskrár er að finna á heimasíðu skólans auk þess sem þær eru kynntar foreldrum á kynningarfundum í upphafi hvers skólaárs.

Starfsmannahandbók lýtur að fyrirkomulagi vetrarins og öllum þeim þáttum sem varða starfsmenn almennt. Starfsmannahandbók er endurskoðuð árlega og útgefin að hausti. Allir starfsmenn skólans fá útprentað eintak af henni.

Skólastjóri sér um gerð skóladagatala sem síðan er borið undir kennara og skólaráð. Að því loknu er það sent til Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar til samþykktar. Skóladagatal skólans er að finna á heimasíðu skólans.

3.1.3 Mat

Skólanámskrá er gerð og endurskoðuð á hverju ári og er í virkri notkun. Stjórnendur, starfsmenn og skólaráð koma að matinu. Skólanámskrá skólans uppfyllir kröfur um gerð skólanámskrár grunnskóla.

3.1.4 Aðgerðir til umbóta

Unnið er að endurskoðun á Skólanámskrá Grandaskóla með tilliti til nýrrar Aðalnámskrár grunnskóla, hófst sú vinna á skólaárinu 2009-2010 sú vinna stendur enn yfir og hafa skólastjórnendur sótt fræðslufundi sem þeir hafa síðan nýtt í vinnu með starfsfólki skólans. Skólastjórnendur og starfsfólk skólans unnu að stefnumiðuðu árangursmati og útfærslu á gildum skólans veturinn 2009-2010. Í framhaldi af því hefur verið lögð áhersla á sýnileika gildanna: jákvæðni, ábyrgð, virðing og árangur, umræður um þau innan skólasamfélagsins og að gildin endurspeglast í skólanámskránni. Skólareglur voru endurskoðaðar á skólaárinu 2009-2010 og skulu kynntar nemendum og foreldrum í upphafi hvers skólaárs.

3.2 Skóli án aðgreiningar - sérkennsla

Í Grandaskóla er unnið samkvæmt starfsáætlun og stefnu Skóla- og frístundasviðs. Þar er lögð áhersla á að koma til móts við ólíkar þarfir með fjölbreyttum aðferðum og viðfangsefnum. Að tryggja skuli jafnræði allra einstaklinga til virkrar þátttöku í daglegu starfi. Að stuðningur og ráðgjöf tryggi góðar aðstæður til náms og leiks og bestan mögulegan árangur og líðan.

Í lögum grunnskóla nr.91/2008, gr. 17. er líka kveðið á um að „nemendur eigi rétt á því að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis“ og „jafnframt eigi þeir rétt á á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir“. Sérkennslan er ein af leiðum skólans til að koma til móts við nemendur sem af einhverjum orsökum þurfa sérstakan stuðning í námi. Til þess að skólinn geti komið til móts við misjafnar þarfir nemenda er útbúin sérkennsluáætlun þar sem tekið er fram hversu margir tímar fara til sérkennslu, hverjir sinna henni og hvar. Skólinn er vel útbúinn og vel mannaður fólki sem sinnir þessari kennslu. Í skólanum störfuðu á þessu skólaári verkefnastjóri sérkennslu og sérkennari. Skólinn keypti einnig þjónustu talmeinafræðings til að sinna einstaka verkefnum. Sérkennslan fer fram á ýmsum stöðum í húsinu. Starfandi er námsver við skólann sem er reyndar á nokkrum stöðum í byggingunni.

Verkefnastjóri sérkennslu hefur jafnframt skipulagt nýbúakennslu við skólann.

3.2.1 Markmið

Markmið sérkennslu í Grandaskóla eru:

- Að styðja við bakið á nemendum sem af einhverjum orsökum, hvort sem er námslegum, félagslegum eða tilfinningalegum, geta ekki fylgt námskrá og þurfa meiri aðlögun og aðstoð í námi til lengri tíma.
- Að aðstoða nemendur tímabundið sem þurfa á stuðningi að halda innan bekkjar eða utan.
- Að veita kennurum, foreldrum og öðru starfsfólki skólans ráðgjöf til að koma til móts við þarfir þessara nemenda.

- Að meta námsstöðu nemenda og útbúa í framhaldi því námsáætlanir fyrir einstaklinga eða nemendahóp.
- Að efla og styrkja þá nemendur sem standa höllum fæti í námi.

3.2.2 Framkvæmd

Framkvæmd sérkennslunnar getur verið með fjölbreytilegum hætti. Hún getur falið í sér verulegar breytingar á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluáðferðum miðað við aðra nemendur. Sérkennslan er skipulögð til lengri eða skemmri tíma eftir þörfum nemandans, jafnvel alla skólagöngu hans. Kennsla einstakra nemenda eða nemendahópa fer fram ýmist innan eða utan almennra bekkjardeilda, í námsveri eða tónmenntarstofu.

Snemmtæk íhlutun Undanfarin ár hefur verið lögð meiri áhersla á snemmtæka íhlutun sem felst í því að finna eins fljótt og auðið er þá nemendur sem hugsanlega þurfa meiri aðstoð/kennslu en gengur og gerist og sjá þannig til að nemendur nái sem fyrst tókum á undirstöðubáttum námsins s.s. lestri og stærðfræði.

Regluleg skimunarpróf í lestri, stafsetningu og stærðfræði Á hverju ári eru lögð fyrir skimunarpróf og kannanir í lestri, stafsetningu og stærðfræði í næstum öllum árgöngum. Þessi skimunarpróf eru bæði notuð til að meta einstaka námsþætti hjá nemendahópnum en einnig hjá einstaka nemendum. Lestrarhraði er metinn þrisvar á ári upp úr 2. bekk og haldið til haga í sérstökum lestrarheftum sem fylgir bekkjum í gegnum öll árin í skólanum. Með þessum reglubundnum skimunarprófum er hægt að meta einstaka nemendur, einstaka bekki og einstaka árganga og leggja þannig grunn að markvissari kennslu.

Aðrar greiningar Þeir sem sinna sérkennslu í skólanum hafa hlotið til þess sérstaka menntun og geta með ýmsum sértækum prófum og rannsóknum metið stöðu nemandans. Einstaklingspróf af þessu tagi eru ekki lögð fyrir nemendur nema með tilvísun frá kennara og í samráði við foreldra. Þess utan eru sérfræðingar og stofnanir utan og innan skólakerfisins sem sinna greiningavinnu með nemendum. Þær tilvísanir eru að öllu jöfnu unnar í samráði við nemendaverndarráð skólans, umsjónarkennara og foreldra.

Gott upplýsingaflæði og ráðgjöf Á hverju hausti er farið yfir þær greiningar og upplýsingar sem skólinn hefur um nemendur með sérþarfir með kennurum viðkomandi nemenda. Yfir skólaárið eru einnig haldnir fleiri slíkir fundir ef þurfa þykir. Sérkennarar eru mjög virkir í að aðstoða og veita foreldrum og kennurum ráðgjöf varðandi einstaka nemendur. Mikilvægt er að allir kennarar viðkomandi nemanda hafi sem gleggsta mynd af námsstöðu hans þannig að þeir geti sem best sniðið námið að hans þörfum.

Öflugt samstarf foreldra og skóla Ein öflugasta leiðin til að styðja við bakið á nemendum sem þurfa meiri aðstoð en gengur og gerist er gott samstarf milli heimilis og skóla. Stuðningsteymi sem samanstendur af foreldrum, kennurum, sérkennara/um og fleirum hittast reglulega vegna nokkurra nemenda sem þurfa meiri aðstoð.

Aðlagð námsefni og námsmat Miklu skiptir að nemendur fái námsefni við hæfi og því er mikið lagt upp úr því að sníða námsefnið og námsmatið að getu nemenda bæði hvað varðar lengd og þyngd. Stefnan er að styðjast eins mikið við námsefni bekkjarins eins og kostur er. Heimanám, efni og umfang er líka skoðað ef þurfa þykir.

Sérkennsla í námsveri - sérkennsla inni í bekk Við skólann er starfrækt námsver sem er í reynd staðsett á nokkrum stöðum í skólabyggingunni. Tilgangur með námsverinu er þrenns konar.

- a) stuðningur og ráðgjöf fyrir kennara
- b) sérkennsla fyrir nemendur sem þurfa tímabundna aðstoð utan bekkjar.
- c) sérkennsla fyrir nemendur sem þurfa kennslu að mestu leyti utan bekkjar.

Í ár var eftir nokkurt hlé starfandi þroskaþjálfari við skólann sem sinnti þörfum þeirra nemenda sem á þurftu að halda.

3.2.3 Mat

Í viðhorfskönnun Skóla- og frístundasviðs meðal foreldra vorið 2013 eru 75% foreldra þeirra barna sem nutu stuðnings ánægðir með þá sérkennslu eða stuðning sem þeirra barn hefur fengið. Þetta er nokkur aukning frá síðustu könnun en þá voru 54 % þeirra foreldra sem áttu börn sem nutu stuðnings annað hvort mjög eða frekar ánægðir en 39% svöruðu hvorki/né sem ekki var valmöguleiki nú.

3.2.4 Aðgerðir til umbóta

Leggja þarf megin áherslu á fyrirbyggjandi starf í skólanum. Það þýðir „snemmtæka íhlutun“ í yngstu árgöngunum. Efla þarf umsjónarkennarana í starfi með nemendum sem þurfa meiri stuðning þannig að þeir hafi fleiri úrræði sem þeir geta gripið til inni í kennslustofum. Nýta kennslumagn sem skólinn hefur til sérkennslu eins vel og hægt ert.d. með því að forgangsraða málum meira innan og milli árganga. Auka þarf fræðslustarf og upplýsingagjöf innan skólasamfélagsins Efla enn frekar samráð milli kennara, sérkennara, þroskaþjálfara, stuðningsfulltrúa og foreldra.

Það er ánægjulegt að þeim foreldrum sem eru ánægðir með sérkennslu sinna barna hefur nú fjölgað nokkuð en betur má ef duga skal.

Það er ljóst að enn þurfum við að gera betur og finna leiðir til að efla kennsluna.

3.3 Fjölbreyttir náms og kennsluhættir

Í Stefnu og starfsáætlun Skóla- og frístundasviðs árið 2013 segir:

"Stöðugt er fylgst með stefnum og straumum í uppeldis-, mennta- og tómstundastarfi og lögð áhersla á framþróun og nýbreytni. Tilrauna-, þróunar- og umbótastarf byggir á rannsóknnum og árangurinn metinn. Traust og fjölbreytt mat á námsárangri, líðan og félagsfærni."

Ný aðalnámskrá grunnskóla felur í sér tækifæri fyrir sveigjanlegt og fjölbreytt nám stefnt skal að því að bjóða upp á fjölbreyttar námsleiðir og samþættingu í námi. Í grunnskólum án aðgreiningar er sérhverju barni mætt í námi og félagsstarfi óháð atgervi þess, uppruna og stöðu.

Í Grandaskóla er lögð áhersla á fjölbreytta og skapandi starfshætti. Skólaárið 2006 – 2007 var unnið að skólaþróunarverkefninu Gerum gott betra. Samkvæmt skýrslu um verkefnið var meginmarkmið þess að efla fjölbreytta kennsluhætti í skólanum með það fyrir augum að stuðla að aukinni fjölbreytni, samvinnu og skapandi skólustarfi. Þetta verkefni verður áfram haft að leiðarljósi.

Leitast er við að koma til móts við mismunandi þarfir og áhuga nemenda með því að auka fjölbreytni í námi. Nemendur eru hvattir til að sýna frumkvæði og sjálfstæði í námi sínu og mikil áhersla er lögð á listir og skapandi starf. Þetta er í samræmi við Aðalnámskrá grunnskóla, almenna hlutann 2008 bls.8 um að grunnskólinn skuli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Ávallt hefur verið lögð mikil áhersla á samvinnu innan árganga, blöndun og hópavinnu. Þannig þjálfast nemendur í samskiptum, læra að vinna í hópi og taka tillit til annarra.

Í Grandaskóla er unnið að þróun starfshátta með það að leiðarljósi að koma betur til móts við mismunandi þarfir nemenda. Á yngra stigi hefur um nokkurra ára skeið verið lögð áhersla á kennsluhætti sem einkennast af teymiskennslu, sveigjanlegri hópaskiptingu og skapandi starfsháttum. Litið er á nemendahóp í árgangi sem eina

heild með tvo umsjónarkennara sem geta skipt hópnum á mismunandi hátt eftir verkefnum eða aðstæðum hverju sinni. Þetta fyrirkomulag verður við haft í öllum árgöngum skólans næsta vetur. Allir kennarar Grandaskóla sóttu námskeið í teymiskennslu veturinn 2009 – 2010 og heimsóttu skóla þar sem kennt er í teyminum. Veturinn 2010-11 fengum við fyrirlestur um framkvæmd einstaklingsmiðaðs náms í Norðlingaskóla og fórum þangað í heimsókn. Vorið 2011 fóu margir kennarar skólans í námsferð til New York og skoðuðu þar skóla og kynntu sér vinnubrögð. Þar kynntumst við m.a. "Unison reading" aðferð sem Cynthia McCallister, prófessor við New York University hefur þróað til að þjálfar og auka lesskilning og tjáningu gegnum samvinnu og jafningjafræðslu og teljum við það hafa verið gott innlegg í áherslu á aukna lestrarfærni nemenda en eins og fram kemur í Starfsáætlun skal efla læsi í víðum skilningi, gagnrýna hugsun og samræðu. Í vetur tóku kennarar skólans ásamt kennurum úr öðrum grunnskólum í Vesturbæ þátt í verkefninu "Orð af orði" sem er á vegum Miðstöðvar skólalæðingar Háskólans á Akureyri

Meginmarkmið *Orðs af orði* er að auka skilning í lestri og námi með því að efla orðvitund og orðaforða, fella orða-kennslu að hefðbundinni kennslu og gera að föstum lið í kennslu námsgreina. Lögð er áhersla á að vinna eftir til-tekinni hugmyndafræði en virkja kennara til að þróa sínar eigin aðferðir út frá henni. Ráðgjafi í verkefninu leggur til fræðslu og framkvæmdaáætlun, fundar reglulega með kennurum. Einnig er unnið að sameiginlegri lestrastefnu Vesturbæjar og á Grandaskóli fulltrúa í vinnuhópi þess verkefnis.

Hefð er fyrir öflugri list- og verkgreinakennslu í skólanum og er aðstaða fyrir þær greinar með ágætum. Tónlistaruppeldi skipar ríkan sess í skólalæðingunni. Nemendur semja tónlist, leika á hljóðfæri og fara í samsöng tvisvar í viku. Áhersla er lögð á að allir nemendur taki þátt í uppákomum eða sýningum á ári hverju og allir nemendur læra stuttmyndagerð og dans. Í Aðalnámskrá Grunnskóla, almennum hluta stendur að skólinn eigi að skapa tækifæri til listnáms sem auk þess að vera þáttur í að stuðla að alhliða þroska nemenda ræktar hæfileika þeirra til þess að njóta menningar og lista. Í Grandaskóla er einnig lögð áhersla á tölvur og upplýsingatækni í skólalæðingunni og skólinn er vel búinn á því sviði. Er það liður í fjölbreyttum kennsluháttum.

3.3.1 Markmið

Samkvæmt stefnu og skólanámskrá Grandaskóla eru markmið með fjölbreyttum kennsluháttum og einstaklingsmiððu námi:

- að árangur nemenda verði sem bestur á sem flestum sviðum
- að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda.
- að auka fjölbreytni í námi
- að gera nemendur sjálfstæða í námi sínu
- að nemendur sýni frumkvæði í námi sínu
- að nemendur læri að vinna í hópi og taka tillit til annarra

3.3.2 Framkvæmd

Í Grandaskóla er komið til móts við mismunandi þarfir og áhuga nemenda með fjölbreyttum kennsluháttum og áherslu á list og verkgreinar. Kennarar aðlaga námsefni að þörfum og getu nemenda og leggja áherslu á að allir nái tökum á grunnþáttum námsefnisins samkvæmt Aðalnámskrá. Umsjónarkennarar útbúa einstaklingsnámskrár í samvinnu við sérkennara fyrir þá nemendur sem ekki geta fylgt bekkjarnámskrám. Einstaklingsnámskráin sem er miðuð við getu og þroska hvers og eins er kynnt foreldrum og samþykkt af þeim. Leitast er við að gefa öllum nemendum tækifæri til að tileinka sér námið eftir mismunandi leiðum, hvetja þá til sjálfstæðis í námi sínu og skapandi hugsunar.

Til að koma betur til móts við hvern og einn, eru samtöl í upphafi skólaárs þar sem nemendur, foreldrar og umsjónarkennarar hittast. Í þeim gefst tækifæri til að skapa eða endurnýja persónuleg tengsl og koma á framfæri því sem máli skiptir fyrir vegferðina framundan. Með þessu móti er skólaárið hafið með samvinnu við foreldra og á persónulegan hátt. Það er síðan á ábyrgð kennara að skipuleggja nám og kennsluhætti þannig að hver og einn nemandi fái notið sín og nái sem bestum árangri á sem flestum sviðum.

Margt er gert til að gera skólastarfið fjölbreyttara. Kennarar leggja áherslu á að nota mismunandi kennsluáðferðir. Sem dæmi má nefna að verkleg kennsla er í náttúrufræði, margir kennarar beita söguáðferðinni í bókmenntum og samfélagsfræði og tölvur eru töluvert notaðar í tungumálakennslu. Undanfarin ár hefur verið lögð aukin áhersla á fjölbreytt vinnubrögð í tengslum við lestrarkennslu sérstaklega á miðstigi. Í öllum árgöngum er hringekjuvinna, hópavinna eða valttímar þar sem reynir á samskiptahæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum. Uppákomur ýmiskonar gera skólalífið fjölbreyttara. Allir árgangar setja upp sýningar á hverju ári þar sem allir taka þátt. Þemadagar eru skipulagðir nokkrum sinnum yfir veturinn og má þar nefna vinaviku í upphafi skólaárs, bókalausn dag í nóvember, dag tileinkaðan útivist og hreyfingu í apríl og tvo þemadaga um fjöruna og hafið að vori. Vettvangsferðir, listviðburðir á vegum nemenda og gesta og keppnir eru einnig meðal þess sem gerir skólastarfið fjölbreyttara fyrir nemendur.

3.3.3 Mat

Í könnun Skóla og frístundasviðs Reykjavíkur um viðhorf foreldra til grunnskólastarfs í vor 2013 kemur fram að 80% foreldra telja að barnið fái oftast verkefni við hæfi (78% vor 2012). Í sömu könnun eru foreldrar spurðir hversu ánægðir eða óánægðir þeir séu með það hvernig skólinn kemur til móts við þarfir barnsins. 86% eru ánægðir (88% 2012).

3.3.4 Aðgerðir til umbóta

Í stefnu Grandaskóla og skólanámskrá eru markmið með einstaklingsmiðuðu námi og fjölbreyttum kennsluháttum ekki nógu skýr. Sömuleiðis þarf skólinn að marka sér skýrari stefnu um leiðir til að ná þessum markmiðum. Þar sem Grandaskóli leggur mikla áherslu á list og verkgreinar væri eðlilegt að í tengslum við fjölbreytta kennsluhætti kæmu fram markmið sem lúta að því að örva listræna tjáningu og skapandi hugsun hjá nemendum. Víða má þó finna vísbendingar um þessi markmið og leiðir.

Í tengslum við stefnumótunarvinnu sem hafin er við skólann munu markmiðssetningar sem að þessu lúta skýrast. Unnið er að markmiðssetningu varðandi fjölbreytta kennsluhættir. Sem dæmi má nefna að þar verður tekið mið af styrkleikum og veikleikum nemenda og að þeir fái nám við hæfi, sett markmið sem varða mismunandi hópastærðir/gerðir, teymiskennslu, áherslu á skapandi starf, fjölbreytt námsmat og einstaklingsnámskrár og að nemendur fái kennslu í list- og verkgreinum í öllum árgöngum.

Ljóst er á könnunum sem gerðar hafa verið meðal foreldra að flestir telja að börn þeirra fái verkefni við hæfi í Grandaskóla. Til að árangur nemenda verði sem bestur á sem flestum sviðum verða nemendur að fá verkefni við hæfi. 17% foreldra telja sín börn þó þurfa meira krefjandi verkefni. Sömuleiðis kemur fram að 86% foreldra eru ánægðir með það hvernig skólinn kemur til móts við þarfir barnsins en það er svipað hlutfall og áður. Þetta er samt sem áður enn vísbending um að kennarar þurfi að huga betur að einstaklingsmiðun og þörfum hvers og eins nemanda.

Árin 2009 – 2011 tóku kennarar skólans þátt í fræðsluátaki um einstaklingsmiðaða kennsluhætti. Kennarar fóru í heimsóknir, lásu greinar, miðluðu hugmyndum og kynntu hver fyrir öðrum. Mikilvægt er að foreldrar séu vel upplýstir um það sem verið er að gera til að mæta þörfum barnsins.

3.4 Námsmat

Í Grunnskólalögum frá 2008 segir að tilgangur námsmats sé að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að mæta markmiðum aðalnámskrár og ná námsmarkmiðum sínum, örva nemendur til framfara og meta hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að

halda. Jafnframt segir þar að nemendur og foreldrar þeirra eigi rétt á upplýsingum um niðurstöður mats, matsaðferðir og matstæki, þar með talið að skoða metin verkefni og prófúrlausnir. Þeir eiga jafnframt rétt á munnlegum skýringum á námsmati og að niðurstaða námsmats sæti endurskoðun innan grunnskólans.

Í Stefnu og starfsáætlun Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur segir jafnframt að fara skuli fram traust og fjölbreytt mat á námsárangri, líðan og félagsfærni,

3.4.1 Markmið

Í skólanámskrá Grandaskóla er einungis fjallað um það í almennum hluta hvernig námsmat er sett fram en ekki kemur beinlínis fram hvert markmið skólans er með námsmati. Ekki er heldur skýrt hvernig námsmati skólans er ætlað að uppfylla markmið Aðalnámskrár með námsmati. Í bekkjarnámskrám er kveðið á um framkvæmd námsmats þ.e.a.s. hvaða þættir eru metnir og hlutfall þeirra í námsmati.

3.4.2 Framkvæmd

Upplýsingar um námsárangur nemenda Grandaskóla eru skráðar á mentor.is, á vitnisburðarblöð, prófaskýrslur og hjá kennara. Vitnisburður er afhentur tvisvar á skólaárinu í janúar og í júní. Vitnisburðinum í janúar er fylgt eftir með samtali nemenda, foreldra og kennara. Á vitnisburðarblaði koma fram tvennskonar einkunnir annarsvegar árangurseinkunn og hinsvegar vinnueinkunn. Þar er einnig möguleiki á að gefa stutta skriflega umsögn með hverri námsgrein. Í mörgum tilfellum er annaðhvort gefin árangurs- eða vinnueinkunn. Stöðugt námsmat fer fram í öllum greinum allan veturinn. Það er stór hluti af vitnisburði vetrarins og er svo til eingöngu lagt til grundvallar í yngri bekkjum. Á bak við árangurseinkunn eru verkefni, kannanir eða próf. Hvert próf má þó aldrei gilda meira en 60% af lokaeinkunn. Vinnueinkunn byggist á verkefnaskilum, heimavinnu, vinnusemi, frágangi og virkni. Þar að auki eru í sumum tilfellum gefnar skriflegar umsagnir um námsárangur.

Kennarar ræða saman í upphafi vetrar og ákveða nánar hvernig þeir ætla að haga námsmati. Gerð er grein fyrir því fyrirkomulagi í námsáætlun hvers bekkjar. Framkvæmd námsmatsins skal kynnt nemendum og foreldrum strax að hausti á námskynningum. Námsáætlanir allra árganga má finna á heimasíðu skólans.

Á skólaárinu 2011-12 hófum við innleiðingu Námsframvindueningar í Mentorkerfinu. Þar gefst kostur á að skrá námsleg og félagsleg markmið, skrá framvindu nemenda þrepaskipt og birta síðan foreldrum stöðu síns barns.

1.- 4.bekkur:

Námsmat í 1.bekk byggist fyrst og fremst á frammistöðu í tímum, vinnusemi, virkni, samvinnu og hegðun. Einnig eru lögð fyrir nemendur hraðapróf og lesskimunarpróf í lestri og námsmatsblöð í stærðfræði.

Námsmat í 2.-4.bekk byggist einnig á vinnu, virkni, áhuga og frammistöðu í tímum. Í nokkrum námsgreinum eru kannanir og próf úr námsþáttum hluti af námsmati. Stöðluð próf eru notuð til að meta stafsetningu (Aston Index), lestrarharða og lesskilning (LH og Orðarún).

Vitnisburður í sérgreinum byggir á mismunandi þáttum eftir námsgrein s.s. frammistöðu í tímum, virkni, framförum, hugmyndaauðgi og hegðun.

Skráning einkunna er með eftirfarandi hætti:

Mjög gott = tileinkun á 80 – 100% námsmarkmiða.

Gott = tileinkun á 60 – 79% námsmarkmiða.

Sæmilegt = tileinkun á 40 – 59% námsmarkmiða

Slakt = tileinkun á 20 – 39% námsmarkmiða

Ófullnægjandi = tileinkun 0 – 19% námsmarkmiða

5.-7. bekkur

Í 5.-7. bekk eru gefnar árangurs og/eða vinnueinkunnir. Einkunnir eru gefnar í heilum og hálfum tölum. Námsmat byggir á könnunum og prófum úr afmörkuðum námsþáttum og verkefnum. Einnig eru vinnubrögð, virkni og frágangur hluti af námsmati í mörgum námsgreinum. Vitnisburður í sérgreinum byggir á mismunandi

þáttum eftir námsgrein s.s.frammistöðu í tímum, virkni, framförum, hugmyndaauðgi og hegðun.

Stöðluð próf eru lögð fyrir til að meta stafsetningu, lestrarharða og lesskilning. Aston Index er lagt fyrir 5.-7. bekk tvisvar sinnum yfir veturinn. Leshraði er mældur í atkvæðum lesnum á mínútu þrisvar yfir veturinn. LH er lagt fyrir í 6.bekk. Orðarún, samræmt könnunarpróf á lesskilningi hefur einnig verið notað á miðstigi.

Nemendur í 4. og 7.bekk taka samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði. Prófin eiga að gefa upplýsingar um stöðu nemenda í grunnþáttum íslensku og stærðfræði miðað við markmið Aðalnámskrár. Þannig eiga þau að vera kennurum og foreldrum til leiðbeiningar og nýtast til að skipuleggja áframhaldandi nám og kennslu.

3.4.3 Mat

Hluti kennara skólans hefur tekið þátt í námskeiðum um fjölbreytt námsmat og hafa unnið að þróun þess síðastliðin ár. Allir kennarar skólans tóku þátt í námskeiði á haustönn 2008 þar sem viðfangsefnið var markmið með námsmati, leiðsagnarmat og lokamat. Námskeiðinu var fylgt eftir með vinnu kennaranna sem laut að því að tengja námsmatið markmiðum skólanámskrár.

Í viðhorfskönnun foreldra á vegum Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur nú í vor kom fram að 76% foreldra töldu áherslu skólans á próf vera hæfilega, 8% of mikla og 15% of litla. 81% foreldra voru ánægðir með annað námsmat og 16% fannst það of lítið.

Í bekkjarnámskrám er námsmatsáætlun víða óljós. Ekki er nægjanlega útskýrt hvernig á að meta hvaða markmiðum hefur verið náð eða hvaða aðferðir eru notaðar til að meta það (þ.e. er próf, verkefni, gátlisti eða annað). Mikilvægt er að kennarar uppfæri markmið og námsmatsáætlanir jafnóðum og að sú vinna rati inni í skólanámskrá en ekki eingöngu í *kennt* (skýrsla skólaársins).

Í skólanámskrá er talað um símat allan veturinn. Ekki er ljóst hvert markmiðið er með því, á hvaða formi þetta símat fer fram og hvort eða hvenær nemendur og foreldrar fá upplýsingar um það.

Oft eru próf úr tilteknum námsáföngum lögð til grundvallar í árangurseinkunn. Ekki er í öllum tilfellum nógu skýrt hvaða tilgang þau hafa eða hvert vægi þeirra er í lokamati. Þau standa sjaldnast ein og sér sem vitnisburður um árangur í greininni. Önnur verkefni, vinnusemi, áhugi og jafnvel hegðun eru í sumum tilfellum einnig hluti af þessari einkunn. Það er því óljóst hversu góður mælikvarði þessi árangurseinkunn er á stöðu nemandans í greininni.

Þessum áfangaprófum er ætlað að gefa upplýsingar um stöðu nemandans en foreldrar hafa ekki aðgang að þeim upplýsingum. Hugsanlegt væri að foreldrar fengju aðgang að verkefnabók nemenda á Mentor.

Í bekkjarnámskrám eru vísbendingar um leiðsagnarmat þ.e. námsmat sem hefur þann tilgang að hjálpa nemendum við námið, örva þá og hvetja til að leggja sig enn betur fram. T.d. í skrift eru framfarir metnar reglulega og ritun er metin með reglulegri skráningu. Þarna þyrfti að koma fram hvernig nemandinn fær þessar upplýsingar (munnlega, gátlisti eða skriflega).

Víða kemur fram að kennarar meta þætti eins og áhuga, virkni og hegðun. Þessir þættir eru víða hluti af námsmati í námsgrein. Það kemur ekki fram hvernig það er gert, hvenær eða hver tilgangurinn er með því. Í markmiðum þarf að koma fram að þessir þættir verði metnir. Ef þessir þættir eru ekki hluti af markmiðum greinarinnar eiga þeir ekki að vera hluti af námsmati hennar. Tilgangurinn með því að meta áhuga, hegðun eða virkni hlýtur að vera sá að bæta þessa þætti hjá nemendum. Eðlilegast væri að það mat færi fram reglulega og nemendur fengju um það upplýsingar jafnóðum.

3.4.4 Aðgerðir til umbóta

Áframhaldandi endurskoðun á markmiðum og framkvæmd námsmats í Grandaskóla fer fram á næstu misserum í tengslum við innleiðingu nýrrar aðalnámskrár.

3.5 Heimasíða

Í Stefnu- og starfsáætlun Skóla og frístundasviðs 2013 stendur

- Foreldrar séu virkir þátttakendur, ábyrgir og upplýstir samstarfsaðilar.
- Markviss og samræmd upplýsingamiðlun og fræðsla til foreldra og barna/nemenda/ungmenna.

3.5.1 Markmið

Gagnkvæm og virk upplýsingagjöf stuðlar að gagnkvæmu trausti milli foreldra og forráðamanna og starfsfólks skólans.

Stefnt er að því að heimasíðan sé endurbætt og uppfærð reglulega og gefi sem gleggsta mynd af daglegu skólastarfi þannig að foreldrar heimsæki hana sem oftast og nýti sér í auknum mæli þær upplýsingar sem þar er að finna.

3.5.2 Framkvæmd

Á heimasíðu skólans, <http://www.grandaskoli.is/> eru vistaðar upplýsingar um skólann og skólastarfið. Þar eru upplýsingar um starfsfólk skólans, innra starf og foreldrafélagið. Þar má finna gagnlegar upplýsingar t.d. skipulag skólasunds, matseðil mötuneytis og skólareglur. Einnig ýmsar áætlanir er varða t.d. einelti og áföll auk upplýsinga um stoðþjónustu skólans og heilsdagvistun í lok skóladags.

Á heimasíðunni eru einnig tengingar á ýmsa vefi sem tengjast skólanum á einhvern hátt. Veglegan sess skipa svo fréttir og myndir úr skólastarfinu.

Umsjón með heimasíðu skólans hefur kennari sem einnig er verkefnastjóri í upplýsinga- og tæknimennt.

Síðan nýtist, foreldrum, nemendum, starfsfólki skólans og öðrum þeim sem vilja afla sér upplýsinga um skólastarfið. Heimsóknir á síðuna eru fjölmargar daglega.

3.5.2.1 Mat

Í niðurstöðum könnunar sem gerð var á vegum Skóla og frístundasviðs Reykjavíkur í vorið 2013, á viðhorfum foreldra til grunnskólastarfs, voru 87% svarenda ánægðir með þær upplýsingar sem fram koma á heimasíðu skólans og töldu þær jafnframt gagnlegar.

3.5.3 Aðgerðir til umbóta

Stefnt er að því að bæta stöðugt inn á heimasíðuna upplýsingum um skólastarfið svo hún gefi sem gleggsta mynd af skólanum og starfsemi hans.

3.6 Heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi

Í Stefnu og starfsáætlun Skóla og frístundasviðs er í stefnuþættinum "Öryggi, heilbrigði, vellíðan og gleði" rætt um heilbrigðan lífsstíl og öruggt umhverfi þar sem unnið er markvisst gegn áhættuhegðun.

Skv. ákvæði í 24.gr. laga um grunnskóla skal í aðalnámskrá grunnskóla m.a. leggja áherslu á líkamlega og andlega velferð hvers og eins. Leggja þarf rækt við að leiðbeina nemendum um að temja sér heilbrigða lífshætti og ábyrga umgengni við líf og umhverfi.

Hreyfing, hollusta og heilbrigðir lífshættir eru mikilvæg viðmið í skólastarfi.

3.6.1 Markmið

Að efla ábyrgð gagnvart umhverfinu og virðingu fyrir náttúrunni. Hvetja til endurnýtingar og stuðla að heilbrigðum lífsháttum.

3.6.2 Framkvæmd

Í öllum árgöngum er umhverfisfræðsla í einni eða annarri mynd oft samþætt öðrum verkefnum. Í skólanum er flokkaður pappír og lífrænn úrgangur er skilinn frá öðru í mótuneyti. Nemendur fara heim með nestisafganga og einnota drykkjarumbúðir.

Áhersla er lögð á verkefnið "Göngum í skólann" og nemendur eru hvattir til að koma í skólann gangandi eða hjólandi og stuðla þannig að daglegri hreyfingu og auknu umferðaröryggi í kringum skólann með vistvænum ferðamáta. Hópum hafa á stundum verið veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur í verkefninu.

Starfsmenn tóku þátt í "Lífshlaupinu" á haustmánuðum og hafa undanfarin ár verið þátttakendur í verkefninu "Hjólum í vinnuna"

Kennarar hafa sótt útikennslunámskeið og nýtt verkefni með nemendum sínum.

3.6.3 Mat

Verkefnin hafa ekki verið metin sérstaklega nema utanaðkomandi verkefni þar sem skráningar er krafist og hafa starfsmenn og kennarar þá séð um skráningu.

3.6.4 Aðgerðir til umbóta

Hvað varðar heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi má alltaf gera betur. Aukin fræðsla og meiri áhersla á flokkun úrgangs er eitthvað sem við stefnum að.

4 Mannauður

Í þessum kafla verður fjallað um starfsmenn og líðan þeirra í stuttu máli.

4.1 Mannauður

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008, gr. 12 segir m.a. "Starfsfólk grunnskóla skal rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samviskusemi. Það skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki." Í mannauðsvídd Stefnu og starfsáætlunar Skóla og frístundasviðs Reykjavíkur er talað um faglega forystu, eftirsóknarvert, vinsamlegt og hvetjandi starfsumhverfi, hæft og áhugasamt starfsfólk með metnað til árangurs og lærdómssamfélag sem byggir á þverfaglegu samstarfi.

Í Grandaskóla viljum við vera með starfsfólk sem hefur fjölbreytta faglega þekkingu sem kemur til móts við ólíkar þarfir einstaklinga og styður þá til aukins þroska.

Sjá stefnukort skólans <http://grandaskoli.is/stefna/>

4.1.1 Markmið

Stefna Grandaskóla er að hafa hæft og vel menntað starfsfólk með fjölbreytta faglega þekkingu og reynslu. Til að svo verði þarf skólinn að vera eftirsóknarverður vinnustaður þar sem fagleg vinnubrögð, umhyggja, samvinna og umburðarlyndi eru ríkjandi þættir.

4.1.2 Framkvæmd

Mikill stöðugleiki hefur verið í starfsmannahaldi Grandaskóla. Við skólann starfa vel menntaðir kennarar með fjölbreytta þekkingu og bakgrunn. Fagfólk annast list- og verkgreinakennslu og talsvert hefur verið lagt uppúr tónlistaruppeldi innan skólans. Sérkennarar annast sérkennslu. Aðrir starfsmenn skólans hafa fjölbreyttan bakgrunn í námi og starfi.

4.1.3 Mat

Haustið 2011 var gerð viðhorfsskönnun meðal allra starfsmanna Reykjavíkurborgar. Í þeirri könnun var svarhlutfall starfsmanna Grandaskóla aðeins 63% sem er nokkuð lakara en í borginni allri en 67% allra borgarstarfsmanna tóku þátt. Niðurstöður úr þessari könnun eru ekki jafn jákvæðar og þær sem komu út úr sambærilegri könnun sem lögð var fyrir starfsfólk Grandaskóla vorið 2011. Í fyrri viðhorfsskönnunum var rætt um styrkleika-, starfshæft og aðgerðabil niðurstaðna og miðað við þær greiningar mælast þættir eins og

- starfsánægja
- starfsmenn þekkja markmið og stefnu
- þeir telja að lögð sé áhersla á gæði í störfum og þjónustu
- þeir vita til hvers er ætlast af þeim
- hæfni þeirra nýtist vel í starfi
- starfsmenn eru stoltir af störfum sínum
- starfsfólk er tilbúið til að leggja mikið á sig, takast á við nýjar aðstæður og

skipulag

- áhugi er á að takast á við auknar áskoranir í starfi
- starfsmenn telja sig njóta viðurkenningar í starfi
- þeir fá tækifæri til að sækja námskeið eða fræðslu
- það er vel tekið á móti nýju starfsfólki
- ímynd vinnustaðarins er góð
- þeir eru stoltir af vinnustaðnum sínum
- starfsmenn miðla þekkingu sín á milli
- samvinna er góð
- aðgangur að gögnum og tækjum og góð vinnuaðstaða

Árið 2011 voru allir þátttakendur sammála eða tóku ekki afstöðu til fullyrðingar um að þeir væru ánægðir í starfi (í haustkönnun 92% sammála og 8% sem ekki tóku afstöðu).

Að athuga þarf (á starfhæfu bili)

- starfsmenn eru ekki jafn ánægðir með markmið og stefnu vinnustaðarins og ekki jafn vissir um að ákvarðanir séu teknar á faglegum forsendum eins og í könnuninni sem gerð var í mars en þá mældust þessir þættir á styrkleikabili.
- enn þarf að bæta upplýsingaflæði
- þær spurningar sem lúta að ákvarðanafrelsi og frumkvæði eru nú á aðgerðabili (á styrkleikabili í mars)

og þættir eins og

- traust og góð samskipti við næsta yfirmann
- lausn ágreiningsmála
- hvatning og tillit til skoðana og ábendinga
- góð stjórnun

eru nú aftur á aðgerðabili.

Einnig telja starfsmenn sveigjanleika og samræmi milli starfs og einkalífs hafa dalað og færri en áður sjá sig áfram í starfi á vinnustaðnum eftir 2 ár

Þegar á heildina er litið telja starfsmenn vinnuálag sitt of mikið líkt og aðrir starfsmenn borgarinnar og fjölgar þeim enn sem eru sammála þeirri fullyrðingu. Starfsöryggi hefur aukist og telja 54% sig búa við starfsöryggi og aðeins 8% eru ósammála þeirri fullyrðingu.

Nú í vor 2013 var gerð viðhorfsskönnun meðal starfsfólks á vegum Skóla- og frístundasviðs en niðurstöður eru ekki komnar úr henni.

4.1.4 Aðgerðir til umbóta

Nýta má starfsmannasamtöl til að kanna betur viðhorf starfsmanna og draga fram þá þætti sem valda óánægju og fá hugmyndir um það sem betur má fara. Mikilvægt er að í umbótaáætlun komi fram hugmyndir starfsmanna sjálfra til umbóta. Mikilvægt er að stuðla að símenntun og starfsþróun og vanda vel til símenntunaráætlunar.

Nánar verður skoðað hvað helst þarfnast úrbóta í starfsmannamálum þegar niðurstöður nýjustu viðhorfsskönnunar liggja fyrir.

4.2 Samstarf

Í Grandaskóla er talsvert lagt uppúr samstarfi kennara. Í samstarfi nýtast hæfileikar hvers og eins nemendum til hagsbóta. Mismunandi sýn og áherslur skapa grundvöll til faglegrar umræðu og fjölbreyttra vinnubragða.

4.2.1 Markmið

Í stundatöflugerð er leitast við að veita umsjónarkennurum í árgöngum eins mikinn

tíma til mögulegs samstarfs og auðið er. Markmiðið er að veita samkennurum nægilegt svigrúm til faglegrar umræðu til að samræma vinnubrögð og skipta með sér verkum.

Nú tóku kennarar allra árganga á móti umsjónarhópum í teymum og því nauðsynlegt að þeir séu samstiga og hafi nægan sameiginlegan undirbúningstíma á töflu. Markmið þess eru að auka sveigjanleika og nýta styrkleika hvers og eins í faglegu samstarfi.

Nemendaverndarráðsfundir eru haldnir vikulega, þar sem fjallað er um líðan nemenda og ýmis mál er þá varða. Sérkennarar funda reglulega um ýmislegt sem tengist sérkennslunni.

Vikulega eru starfsmanna-, kennara- eða deildafundir þar sem ýmis mál er lúta að skólastarfinu, faglegum þáttum þess, skipulagi og/eða starfsmannamálum eru rædd

4.2.2 Framkvæmd

Allir árgangar eru með fasta árgangafundi innan vinnuramma og allir kennarar skólans eru með sameiginlegan fundartíma tvisvar í viku. Annars vegar 1 klukkustund ætlaða til kennara- og/eða starfsmannafunda og hins vegar aðra klukkustund sem nýtist til ýmissa samráðsfunda. Kennarar hafa viðbótartíma innan vinnuramma ætlaðan til aukins samstarfs og einnig hafa þeir sem vinna saman í teymum fengið viðbótartíma til samstarfs.

Á starfsdögum án nemenda gefst tími til fagfunda með öllum starfsmönnum eða í smærri hópum um ýmsa þætti skólastarfsins.

4.2.3 Mat

Í viðhorfskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar haustið 2011 voru 92% svarenda í Grandaskóla sammála því að samvinna væri góð á vinnustaðnum (var 87,5% vorið 2011) og 88% telja starfsfólk miðla þekkingu sín á milli, (79,2 %, vor 2011). Samkvæmt þessum niðurstöðum er bæði samvinna og þekkingarmiðlun á styrkleika bili. Þess ber að geta að í könnun sem framkvæmd var vorið 2008 var spurt um hve líklegt menn teldu samstarfsfólk sitt til að rétta sér hjálparhönd væri eftir því leitað. 95,8% starfsmanna töldu það mjög líklegt en þessi spurning hefur ekki verið í könnunum síðustu ára og því ekki hægt að sjá hvort það hefur breyst eitthvað.

Þeim sem finnst tekið tillit til skoðana sinna og ábendinga um framkvæmd vinnunnar hefur nú fækkað í 71% úr 80% frá vori til hausts enen 21% tekur ekki afstöðu til spurningarinnar og reiknast það á starfhæfu bili líkt og hjá öðrum stafsmönnum Skóla- og frístundasviðs.

Eins og áður hefur komið fram bíðum við nýrra niðurstaðna úr viðhorfskönnun sem gerð var nú í vor.

4.2.4 Aðgerðir til umbóta

Margt hefur áunnist á undanförunum árum hvað samstarf snertir. Stöðug umræða um hvernig samvinnu sé best háttað og tillögur að verkaskiptingu er eitthvað sem vert er að halda á lofti. Þekkingarmiðlun milli starfsfólks eykur skilning.

Stjórnendur leggja sig fram um að skipuleggja stundaskrár og vinnuramma samstarfsfólks þannig að auðvelt sé að skipuleggja tíma til samvinnu. Nauðsynlegt er að allir starfsmenn skólans séu samstiga og að gildi skólans séu höfð að leiðarljósi jafnt í vinnu með nemendum sem samstarfsmönnum.

4.3 Starfsandi og líðan

Stefna Grandaskóla er að öllum líði vel í skólanum og temji sér jákvæð viðhorf til sín og

annarra þannig að árangur þeirra verði sem bestur á sem flestum sviðum. Þannig stuðlum við að jákvæðu starfsumhverfi og sköpum góðan starfsanda. Grandaskóli er Olweusarskóli og þess vegna viljum við vinna vel saman og virða skoðanir annarra, sýna hvort öðru umburðarlyndi og tillitsemi. Leysum ágreiningsmál okkar friðsamlega og berum virðingu fyrir hvort öðru.

Í Stefnu og starfsáætlun Skóla- og frístundasviðs er m.a. lögð áhersla á að samstarf á vinnustaðnum byggist á trausti, endurgjöf, virðingu og sveigjanleika og heilsueflandi og öruggt starfsumhverfi.

Í lögum um grunnskóla nr.91/2008 stendur. Grunnskólahúsnæði og skólalóðir skulu uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í lögum þessum, lögum um vinnuvernd og aðalnámskrá grunnskóla. Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan nemenda og starfsfólks, svo sem hvað varðar hentugan húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu.

4.3.1 Markmið

Markmið Grandaskóla hvað varðar starfsanda og starfsumhverfi grundvallast á gildum skólans; jákvæðni, ábyrgð, velíðan og árangri. Megininntak í leiðarljósi starfsfólks í samskiptum er eftirfarandi: *Við erum jákvæð og ábyrg í öllum okkar samskiptum og samstarfi, því þannig næst best vellíðan og árangur á vinnustaðnum.*

Í Grandaskóla leggjum við áherslu á vellíðan allra. Það gerum við með því að:

- Tala saman þegar okkur greinir á
- Vera samstíga og vinna saman að lausn málanna
- Virða skoðanir hvers annars
- Vera umburðarlynd og tillitssöm

4.3.2 Framkvæmd

Grandaskóli leggur ríka áherslu á það að taka vel á móti nýliðum. Sýna þeim skólann og fara yfir sögu hans, ásamt því að fara í grófum dráttum yfir helstu hefðir og venjur sem hafa skapast. Rík áhersla er á gott samstarf innan árganga og að menn séu samstíga í vinnu og undirbúningi.

Á hverju skólaári er starfsfólki boðið til starfsmannasamtals þar sem m.a. er rætt um líðan og hvað megi betur fara í samskiptum starfsfólks.

Reynt er að skapa hlýlegt andrúmsloft á kaffistofu starfsmanna. Fljótlega að hausti eða við lok vinaviku er haldið starfsmannafjör til að hrista hópinn saman. Þrisvar á vetri er afmælistaffi á starfsmannafundi en þá koma starfsmenn með góðgæti og við njótum þess að borða saman kræsingar. Starfsmenn borða saman í boði skólans og njóta notalegrar samveru áður en jólaaleyfi hefst. Árshátíð er haldin eftir áramót og að vori er farið í óvissuferð.

Starfsmannavelta í Grandaskóla hefur um árabíl verið fremur lítil. Kennarahópurinn er mjög stöðugur og hafa margir kennarar starfað í 15 - 20 ár við skólann. Meiri hreyfing hefur verið á öðru starfsfólki en þó hefur nokkur stöðugleiki einnig verið í þeim hópi .

Leiðarljós starfsfólks í samskiptum sem gert var árið 2000 var endurskoðað á skólaárinu 2009-2010 með áherslu á bættu líðan og samskipti. Þá var einnig stofnað starfsmannafélag og átak gert í að efla félagsstarf starfsfólks.

4.3.3 Mat

Vinnustaðagreining er það tæki sem skólinn styðst einkum við til að meta starfsanda og líðan þó einnig sé um það rætt í starfsmannasamtölum.

Í vinnustaðagreiningum sem gerðar voru í Grandaskóla á árinu 2011 (vor og haust) voru sýnilegar framfarir varðandi flesta þætti er snúa að starfsfólki og líðan

Þess, enn má þó bæta starfsanda. Ein spurning viðhorfsskönnunarinnar er beint um líðan starfsfólks. 96% svara því nú þeim líði vel í vinnunni og er það aukning úr 92% að vori og 90% vorið 2010. Í könnuninni er spurt um afstöðu til fullyrðingarinnar *Það er góður starfsandi á mínum vinnustað* vorið 2011 var enginn ósammála en 25% tóku ekki afstöðu að hausti voru 8% ósammála og 21% tók ekki afstöðu. Þetta hvetur til áframhaldandi vinnu með starfsanda þannig að starfsfólk taki í meira mæli afgerandi jákvæða afstöðu til spurningarinnar. Þess má einnig geta að svörun við öðrum spurningum sem gefa vísbendingar um starfsanda, styðja við að jákvæð þróun sé á þessum þætti í skólanum. Þannig er t.d. um 92% sammála því að samvinna sé góð en voru 87,5% að vori.

Í spurningum sem varða jafnræði og jafnrétti taka nú fleiri afstöðu en fyrr þ.e. 70% og 65% en þó eru enn of margir að okkar mati sem eru óákveðnir. Grafast þarf nánar fyrir um orsakir þessa og grípa til viðeigandi ráðstafana.

Nauðsynlegt er einnig að huga niðurstöðum er varðar áreitni og einelti. Dregið hefur úr áreitni frá nemendum og foreldrum en þeim hefur fjölgað sem telja sig verða fyrir áreitni og/eða einelti frá samstarfsfólki. Skólinn starfar eftir Olweusaráætlun og þarf að taka þessi mál upp á þeim vettvangi.

4.3.4 Aðgerðir til umbóta

Stefnt er að því að halda áfram að efla hópinn með góðu félagslífi en einnig að styrkja hann í faglegum störfum sínum.

Halda þarf áfram að vinna að því að efla starfsanda og halda vakandi umræðum og vinnu um þau mál. Mikilvægt er að halda á lofti gildum skólans og leiðarljósi starfsfólks í samskiptum. Enn þarf að efla Olweusarumræðuna í starfsmannahópnum með reglulegum fundum. Þar þarf einbeitingin að vera á heiðarleg og opin samskipti innan hópsins.

Skólanum var veittur styrkur úr Endurmenntunarsjóði sveitarfélaga til að vinna að eflingu liðsheildar starfsfólks á næsta skólaári.

Nauðsynlegt er að skoða nánar þá þætti sem ekki koma nægilega vel út í vinnustaðagreiningu, við bíðum niðurstaðna úr þeirri nýjustu. Þó er umfram allt mikilvægt að byggja áfram á þeirri góðu þróun sem í heild virðist vera í líðan og viðhorfum starfsfólks.

Einu sinni á skólaárinu sé starfsmannasamtal skólastjóra og starfsfólks sem helgað er samskiptum, líðan og starfsanda.

4.4 Símenntun

Í lögum um grunnskóla nr.91/2008 í 12.grein kemur fram að hver skóli móti áætlun að frumkvæði skólastjóra til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks hans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og Aðalnámskrár. Kennarar og skólastjórar grunnskóla skulu eiga kost á reglulegri símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína. Þeir skulu einnig eiga kost á námsleyfum.

Í Stefnu og starfsáætlun Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar stendur m.a.

Allir starfsmenn taki þátt í símenntun við hæfi. Markvisst samstarf og virkt þekkingarflæði er innan og á milli starfsstaða. Stöðugt er fylgst með stefnum og straumum í uppeldis-, mennta- og tómsundastarfi og lögð áhersla á framþróun og nýbreytni.

4.4.1 Markmið

Í símenntunaráætlun skólans voru meginviðfangsefni skólaársins:

- Lestur og læsi Unnið að mótun sameiginlegrar læsistefnu í Vesturbænum í samvinnu við borgargrunnskólana í hverfinu. Hluti af því var innleiðing „Orð af orði“ í samstarfi við Mela- og Vesturbæjarskóla.
- Þátttaka í samvinnuverkefni í Vesturbæ, Vesturbæjarfléttunni. Samstarfi í takt við nýja stefnu í skóla- og frístundamálum. Markmiðið er að samræma eins og hægt er áherslur mismunandi stofnanna í hverfinu og fjalla um sameiginleg málefni og að starfsmenn þeirra hittust og mynduðu fagleg og persónuleg tengsl.
- Teymiskennsla – endurskoðun. Í kjölfar greiningar á vordögum 2012 var unnið að því að þróa áfram vinnubrögð í teymiskennslu með það að markmiði að koma betur til móts við mismunandi þarfir nemenda.
- Þátttaka nokkurra kennara í Comeniusarverkefni.

4.4.2 Framkvæmd

Lestur og læsi:

Skipaður var starfshópur kennara í skólunum til að leggja línur um vinnuna við mótun læsisstefnunnar og verða tillögur hópsins kynntar síðar.

Innleiðing „Orð af orði“ hófst með námskeiðsdegi 14. ágúst. Allir umsjónar- og sérkennarar tóku þátt í námskeiðsdeginum og aðrir áhugasamir kennarar einnig.

Ætlast var til þess að þeir kennarar sem ekki tækju þátt í vinnunni með „Orð af orði“ sæktu haustsmiðjur SFS á sama tíma. Viðkomandi höfðu um það samráð við skólastjórnendur.

Fastir vinnufundir utan vinnuramma til að vinna að innleiðingu stefnunnar.

Starfsfólk skólans tók þátt í sameiginlegum starfs- og símenntunardegi stofnana SFS í Vesturbæ sl.haust. Í upphafi dags var fyrirlestur þar sem unnið var með viðhorf til samstarfs. Eftir hádegi voru margs konar smiðjur í boði þar sem starfsmenn kynntu starf sitt fyrir samstarfsfólki.

Teymiskennsla:

Ætlunin var að umsjónarkennarar og stjórnendur(og aðrir sem áhuga hafa) notuðu niðurstöður greiningar frá vori 2012 til að byggja á endurskoðun og tillögur að þróun kennslufyrirkomulagsins þessi vinna varð nokkuð útundan í vetur. Markmiðið var að koma á lærdómssamfélagi kennara í skólanum til þess að nýta sem best þá kosti sem fyrirkomulagið hefur að bjóða og þróa það áfram til hagsbóta fyrir nemendur. Þetta bíður betri tíma.

Comenius. Tvisvar á skólaárinu sóttu þeir kennarar sem tóku þátt vinnustofur með öðrum þátttakendum.

4.4.3 Mat

Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar í vorið 2011 var meðal annars spurt um símenntun. Spurt var hvort starfsmenn hefðu fengið tækifæri til starfsþróunar og/eða símenntunar á síðustu 12 mánuðum. Niðurstöðurnar sýna að símenntun hefur að áliti starfsmanna dalað frá mælingu vorið 2010 og var staðan þá á aðgerðabili..

Fjármagn til símenntunar hefur verið verulega skorið niður af hendi borgaryfirvalda.

Hvað símenntun vetrarins varðar var unnið að kappi í starfshópi að sameiginlegri lestrarstefni í Vesturbæ og verða niðurstöður þeirrar vinnu kynntar skólastjórnendum þann 14.ágúst næstkomandi.

Flestir umsjónarkennarar skólans voru ánægðir með innleiðingu á "Orði af orði" en umsjónarkennurum á yngsta stigi fannst sú vinna ekki nýtast sér eins vel og þeir vildu.

Almenn ánægja var með sameiginlegan starfs- og símenntunardag

Vesturbæjarfléttunnar. Sem nú í vor hlaut hvatningarverðlaun Skóla- og frístundaráðs.

Við það tækifæri kom fram að "Starfið er einsdæmi á borgarvísu. Það þróunarstarf sem unnið hefur verið í Vesturbæ gæti verið hvetjandi fyrir önnur hverfi að vinna meira saman. Það er einróma álit stjórnenda að samstarfið leiði af sér góða hluti, skapi aukið traust og félagsauð í hverfinu."

Talsverð vinna fór í þessi verkefni og varð fyrirhugað verkefni um þróun og umræður um teymiskennslu á grundvelli athugunar sl.vor nokkuð útundan og verður tekin upp síðar.

4.4.4 Aðgerðir til umbóta

Margir starfsmenn sækja sér námskeið og endurmenntun ýmist hjá MSR, HÍ eða öðrum aðilum. Mikilvægt er að sú þekking sem þeir öðlast nýtist í skólastarfinu og aðrir starfsmenn og nemendur fái að njóta þess.

Áframhald verður á verkefnum "Orð af orði" auk þess sem kennarar á yngsta stigi munu hafja þátttöku í Byrjendalæsi en þetta er hvorutveggja liður í að styrkja sameiginlega lestrarstefnu grunnskólanna í Vesturbæ.

Mikilvægt er að hlúð verði að því samstarfi sem skapast hefur í tengslum við Vesturbæjarfléttuna en hún mun starfa áfram af krafti.

5 Fjármál

Skóla og frístundasvið Reykjavíkurborgar leggur áherslu á hagkvæma nýtingu fjármagns og að útgjöld stofnana séu innan fjárheimilda miðað við þá þjónustu sem veita á.

5.1 Fjármál

5.1.1 Markmið

Grandaskóli hefur sett sér það markmið að reka skólann innan fjárheimilda. Í því skyni er leitað leiða til þess að gera innkaup á hagkvæman hátt og gæta aðhalds í rekstri án þess að það komi niður á gæðum skólastarfs. Skólastjóri ber ábyrgð á rekstri skólans.

5.1.2 Framkvæmd

Grandaskóli nýtur líkt og tíðkast um grunnskóla Reykjavíkurborgar, sjálfstæðis og sveigjanleika til að móta sér sérstöðu hvað varðar áherslur og markmið. Úthlutun fjármagns til skólans er rammafjárveiting sem byggist að mestu á nemendafjölda skólans. Veigamesti þáttur fjárhagsáætlunar er launa- og starfsmannakostnaður. Rekstraráætlun er gerð í upphafi almanaksárs og tekur mið af fjárhagsáætlun. Við skólann er starfandi fjármálastjóri í hlutastarfi sem heldur utan um rekstrarþætti í samráði við skólastjóra.

5.1.3 Mat

Skólastjóri og fjármálastjóri hittast að jafnaði tvisvar í mánuði. Á fyrri fundinum er farið yfir launaliði út frá launaseðlum og launalistum og á hinum seinni stöðu almenns reksturs. Á þennan hátt er fylgst með fjárhagsstöðu skólans og því að áætlanir séu innan heimilda.

5.1.4 Aðgerðir til umbóta

6 Umræða og greining á stöðu skólans

Hér á eftir verður fjallað um styrk og veikleika Grandaskóla út frá matspurningum sem settar voru fram í inngangskafli.

- Líður nemendum Grandaskóla vel í skólanum ?
- Eru vinnubrögð fjölbreytt og skapandi ?
- Hvernig er árangur nemenda Grandaskóla í samræmdum prófum og skimunum miðað við aðra nemendur í Reykjavík?
- Er skólanum vel stjórnað að mati starfsmanna og foreldra?
- Líður starfsfólki vel í Grandaskóla og er það ánægt með stefnu skólans?

6.1 Sterkir og veikir þættir í skólastarfinu - samantekt

1. Líður nemendum Grandaskóla vel í skólanum.

Nemendum í Grandaskóla líður almennt vel í skólanum samkvæmt þeim könnunum sem athuga þann þátt. Í Olweuskönnun 2012 kemur fram að um 80% nemenda í 4.-7. bekk líður vel og mjög vel í skólanum en 16,5% nemenda svarar hvorkivel né illa en þeim stúlkum sem ekki taka afstöðu hefur fjölgað nú. Enn er töluverður munur er á líðan drengja og stúlkna en 87,1% stúlkna líður vel eða mjög vel en einungis um 73% drengja. Vert er því að beina sjónum að því áfram hvað veldur og reyna að bæta úr. Í könnun Skólalífsins á líðan nemenda í 6. og 7. bekk mælist vanlíðan nemenda Grandaskóla talsvert minni en á landsvísu og er það vel. Samkvæmt sömu könnun er ekki marktækur munur á kvíða nemenda skólans en jafnaldra þeirra á landinu.

Samkvæmt Foreldrakönnun Skóla og frístundasviðs 2013 telja 95% foreldra Grandaskóla sem svara könnuninni, að að barninu sínu líði vel í skólanum. Það er góð niðurstaða þó við vildum auðvitað að svarið væri 100%. Niðurstöður eru þær sömu þegar spurt er sérstaklega um líðan í kennslustundum. Ögn lægra hlutfall segist telja að börnum þeirra líði vel í frímínútum 90% enginn segir þó að börnum sínum líði mjög illa við þessar aðstæður. Skólinn virðist því standa bærilega varðandi það markmið sitt að nemendum líði vel þó svo að mikilvægt sé að kappkosta að þetta eigi við um alla nemendur við allar aðstæður. Áfram þarf því að vinna að því marki.

2. Eru vinnubrögð fjölbreytt og skapandi?

Í könnun Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um viðhorf foreldra til skólastarfs í grunnskólum vorið 2013 kemur fram að um 80% foreldra telja að barnið fái yfirleitt hæfilega þung verkefni, um 17% telur verkefni of létt. Þetta er aðeins betri niðurstaða fyrir skólann en árið 2012 en þá töldu um 77% foreldra að börnin fengju yfirleitt nám við hæfi. Um 86% telja þó að skólinn komi til móts við þarfir barnsins. Foreldrakannanir eru gerðar annað hvert ár.

Hvað varðar skapandi starf þá stendur list og verkgreinakennsla sterk í Grandaskóla og margt er gert til að gera skólastarfið fjölbreyttara. Kennarar leggja áherslu á að nota mismunandi kennsluáferðir. Sem dæmi má nefna að í flestum árgöngum er hringekjuvinna, hópavinna eða val tímar þar sem reynir á samskiptahæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum. Uppákomur ýmiskonar gera skólalífið fjölbreyttara. Þemadagar eru skipulagðir nokkrum sinnum yfir veturinn og má þar nefna vinaviku í upphafi skólaárs og þemadaga um fjöruna og hafið að vori. Tvisvar á skólaárinu voru dagar þar sem nemendum skólans var skipt í hópa þvert á aldur og unnið með listi og verkgreinar annars vegar og hreyfingu og útivist hinsvegar. Áformað er að þetta verði fastir liðir í skólastarfinu. Vettvangsferðir, listviðburðir á vegum nemenda og gesta og keppnir eru einnig meðal þess sem gerir skólastarfið fjölbreyttara fyrir nemendur.

Nú í vor var gert heildarmat á skólastarfi í Grandaskóla á vegum Skóla- og frístundasviðs. Niðurstöður þeirrar könnunar sýna að í skólanum eru kennsluhættir talsvert fjölbreyttir og þar kemur fram að sköpun og tjáning skipar ríkan sess í skólastarfinu.

3. Hvernig er árangur nemenda Grandaskóla í samræmdum prófum og skimunum miðað við aðra nemendur í Reykjavík?

Skólinn skilar góðum árangri í lesskimum í 2. bekk. Þar er skólinn í öllum prófapáttum yfir Reykjavíkurmeðaltalinu. Árangur þessa árs er nánast sá sami og í fyrra. Niðurstöður Talnalykils eru einnig góðar á þessu skólaári og er skólinn í 7 sæti hvað varðar árangur nemenda en 31 skóli leggur prófið fyrir á landinu á síðasta ári vorum við í 9. sæti. Hafa verður í huga að talsverður munur getur verið á árgöngum hvað varðar námsgetu og því þarf e.t.v. að skoða árangurinn til lengri tíma.

Grandaskóli er yfir lands- og Reykjavíkurmeðaltali í árangri í samræmdum prófum 2012 bæði í stærðfræði og íslensku í 4. og 7. bekk.

Námsárangur nemenda skólans er þannig að vel má við una ef miðað er við þessi próf. Þó er ljóst að hvað varðar eru einnig sóknarfæri til að gera betur.

4. Er skólanum vel stjórnað að mati starfsmanna og foreldra?

Í foreldrakönnun sem gerð var vorið 2013 eru foreldrar spurðir hvort þeir telji skólanum vel stjórnað. 96% svarenda telja að svo sé en 4% telja honum frekar illa stjórnað. Þetta er framför frá árinu 2012 en þá töldu 83% að skólanum væri vel stjórnað en 5% voru óánægðir. Þó er athugunarvert 32% foreldra telur að skólanum sé mjög vel stjórnað en mun herra hlutfall að honum sé frekar vel stjórnað.

Í vinnustaðagreiningu sem gerð var vorið 2011 meðal starfsmanna skólans eru 84,6% svarenda sammála fullyrðingu um að skólanum sé vel stjórnað en enginn er ósammála fullyrðingunni. Þetta er framför frá vinnustaðagreiningu 2010 nú í vor var gerð vinnustaðagreining en við höfum ekki enn fengið niðurstöður úr þeirri könnun.

Þessar niðurstöður eru ánægjulegar fyrir skólann og þróunin virðist vera í rétta átt.

Við vinnslu heildarmats nú í vor kom fram fremur jákvætt viðhorf til stjórnenda í rýnihópum starfsmanna. Þar er talað um gott aðgengi að stjórnendum, að þeir séu sýnilegir í skólanum og að skólastjóri sé tilbúinn að hlusta á tillögur og hugmyndir kennara.

5. Líður starfsfólki vel í Grandaskóla og er það ánægt með stefnu skólans?

Starfsfólk Grandaskóla er í heildina ánægt í starfi. Í vinnustaðagreiningu 2011 svara 93% starfsmanna á þann veg. Það er þó ögn lægra en árið áður en þá var hlutfallið 97%. Jafnframt virðist vera jafnvægi milli starfs og einkalífs og sveigjanleiki til að samræma þá þætti. Um 92% starfsmanna segir jafnframt að þeim líði vel í vinnunni og það er ögn betri niðurstaða en síðasta ár.

Í könnuninni er spurt um afstöðu til fullyrðingarinnar *Það er góður starfsandi á mínum vinnustað* vorið 2010 voru 93,6% sammála fullyrðingunni en vorið 2011 var enginn ósammála en 25% tóku ekki afstöðu. Þetta hvetur til áframhaldandi vinnu með starfsanda þannig að starfsfólk taki í meira mæli afgerandi jákvæða afstöðu til spurningarinnar. Þess má einnig geta að svörun við öðrum spurningum sem gefa vísbendingar um starfsanda, styðja við að jákvæð þróun sé á þessum þætti í skólanum. Þannig er t.d. um 87,5% sammála því að samvinna sé góð en voru 83,9% ári áður.

Það sama má í raun segja um ánægju með stefnu skólans. Fleiri bæði þekkja hana nú og eru ánægðir með hana. Um 97% þekkja stefnuna nú og 80% eru ánægðir með hana en í könnuninni 2009 voru einungis 65% ánægðir með stefnu skólans. Þessa niðurstöðu má vafalaust þakka skipulegri vinnu með stefnumótun undir formerkjum Stefnumiðaðs árangursmats (Balanced scorecard).

Í spurningum sem varða jafnræði og jafnrétti er ekki mælanleg framför frá fyrra ári en aðeins um tveir af hverjum þremur starfsmönnum eru sammála því að jafnrétti kynja sé virt og jafnræðis sé gætt gagnvart starfsfólki. Grafast þarf nánar fyrir um orsakir þessa og grípa til viðeigandi ráðstafana.

Ljóst er að nokkuð hefur áunnist í þessum efnunum og vert að halda vinnunni áfram og byggja ofan á þann ávinning.

Spennandi verður að fá niðurstöður úr viðhorfskönnun sem gerð var meðal starfsfólks nú í vor á vegum Skóla- og frístundasviðs til samanburðar en þær hafa ekki borist okkur enn.

7 Umbótaáætlun

Ny rubrik

7.1 Umbótapættir

Ny rubrik

7.2 Áætlun skilgreindra umbótapátta til ákveðins tíma

Ny rubrik

7.2.1 Mælikvarði

Ny rubrik

7.2.2 Vídd samanber stefnukort Menntasviðs

Ny rubrik

7.2.3 Skilgreindur umbótapáttur

Ny rubrik

7.2.4 Aðgerðir umbóta

Ny rubrik

7.2.5 Forgangsröðun aðgerða

Ny rubrik

7.2.6 Nauðsynleg aðföng

Ny rubrik

7.2.7 Skilgreindur ábyrgðaraðili

Ny rubrik

7.2.8 Árangursviðmið

Ny rubrik

7.2.9 Niðurstaða mælinga

Ny rubrik
